



**Viðhorfskönnun meðal íbúa Vesturbyggðar fyrir
bókasafns- og upplýsingaþjónustu**

Alda Davíðsdóttir

**Lokaverkefni til MIS-gráðu í upplýsingafræði
Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Viðhorfskönnun meðal íbúa Vesturbyggðar fyrir
bókasafns- og upplýsingaþjónustu**

Alda Davíðsdóttir

Lokaverkefni til MIS-gráðu í upplýsingafræði
Leiðbeinandi: Dr. Ágústa Pálsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MIS-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Alda Davíðsdóttir 2016

Patreksfjörður, Ísland 2016

Útdráttur

Hér verður sagt frá megindlegri rannsókn sem gerð var meðal íbúa sveitarfélagsins Vesturbyggðar. Markmiðið var að fá fram viðhorf íbúanna gagnvart núverandi bókasafnsþjónustu og skoðunum á því hvernig þjónustu þeir vilja helst fá. Tilgangurinn með rannsókninni er að nýta niðurstöðurnar sem fást sem grunn að stefnumótunarvinnu fyrir bókasöfn Vesturbyggðar á Patreksfirði og Bíldudal. Rannsóknarspurningarnar voru tvær; hver er núverandi afstaða íbúa Vesturbyggðar til bókasafna sveitarfélagsins og hvaða þjónustupætti telja íbúarnir að leggja eigi áherslu á við framtíðarþróun bókasafnanna? Bókasöfn Vesturbyggðar eru lítil almenningsbókasöfn í fámennum samfélögum. Lítið er til af heimildum um þá gerð bókasafna á Íslandi. Því er einna helst vitnað í erlendar heimildir en einnig voru tekin viðtöl við nokkra einstaklinga í sveitarfélaginu til að fá nánari upplýsingar um stöðu mála. Rannsóknin var unnin veturinn 2015-2016, könnunin sjálf var send til 717 íbúa 18 ára og eldri í febrúar 2016 á íslensku, ensku og pólsku. Svarhlutfallið var 23,15%. Sökum þess hver fáir spurningalistar á pólsku bárust til baka voru allar niðurstöður greindar eftir heildarsvörum óháð tungumálum, þó voru nokkrar breytur skoðaðar sérstaklega eftir aldri, kyni, menntun og búsetu innan sveitarfélagsins. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda nota bókasöfnin ekki en hafa samt sem áður skoðanir á því hvernig þjónustu þeir vilja. Rétt rúmur meirihluti þeirra sem nota bókasöfnin eru nokkuð eða mjög ánægðir með þjónustuna eins og hún er. Þjónustupættir sem flestir myndu nýta sér ef þeir væru í boði, fyrir utan hefðbundið efni eins og bækur og hljóðbækur, eru menningarviðburðir, dagskrá fyrir börn og fjölskyldur, aðstaða til að lesa tímarit og annað efni á staðnum og rýmri opnunartími.

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni í upplýsingafræði með áherslu á stjórnun og stefnumótun við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Verkefnið er metið til 30 ECTS eininga.

Leiðbeinandi við verkefnið var Dr. Ágústa Pálsdóttir, prófessor við félags- og mannvísindadeild. Henni kann ég bestu þakkir fyrir faglega og góða leiðsögn og ánægjulegt samstarf.

Verkefnið er unnið í samvinnu við sveitarfélagið Vesturbyggð og fá Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri, Elsa Reimarsdóttir deildarstjóri og Erlingur Óskarsson forstöðumaður Héraðsbókasafns Vestur-Barðastrandarsýslu þakkir fyrir upplýsingar og aðstoð. Ásta Sigurjónsdóttir og María Ragnarsdóttir fá þakkir fyrir prófarkalestur.

Síðast en ekki síst fær fjölskylda mín kærar þakkir fyrir stuðninginn og þá sérstaklega Davíð Rúnar Gunnarsson fyrir tæknilega aðstoð og almennan stuðning.

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1. Almenningsbókasöfn á Íslandi.....	10
1.1. Fyrirliggjandi efni um almenningsbókasöfn á Íslandi	10
1.2. Saga lestrarfélaga og tilkoma almenningsbókasafna á Íslandi	14
1.3. Hlutverk almenningsbókasafna	18
1.3.1. Nýting bókasafna og uppbygging safnkosts	21
1.3.2. Upplýsingaþjónusta	24
1.4. Habitus og almenningsbókasöfn	27
1.5. Félagslegt hlutverk bókasafna	29
1.6. Menningarlegt forræði	30
1.6.1. Hegemony	31
1.6.2. Almenningsbókasöfn, menningarhús og valin menning	32
1.6.3. Menningarstjórnun almenningsbókasafna	34
2. Vesturbyggð.....	36
2.1. Þjónusta bókasafna Vesturbyggðar	37
2.2. Þjónusta við innflytjendur	38
2.3. Mikilvægi upplýsingaþjónustu.....	39
3. Rannsóknin	41
3.1. Tilgáta, markmið og rannsóknarspurningar	42
3.2. Þátttakendur.....	42
3.2.1. Bakgrunnur þátttakenda	44
3.3. Mælitæki og tölfræðiaðferðir.....	46
4. Niðurstöður	48
4.1. Notkun þjónustu bókasafnanna og ánægja með þau	48
4.2. Viðhorf til ólíkra þjónustupátta	54
4.2.1. Svör eftir póstnúmerum, aldri, kyni og menntun.....	55
5. Umræður	58
Lokaorð.....	65
Heimildir	67
Viðauki.....	75

Myndaskrá

Mynd 1. Þeir þjónustupættir sem eru helst nýttir.	49
Mynd 2. Ánægja með þjónustu bókasafnanna.	51
Mynd 3. Ástæður sem koma í veg fyrir að íbúar nýti þjónustu bókasafnanna.	52
Mynd 4. Þjónustupættir sem svarendur myndu nýta ef þeir væru í boði.....	54

Inngangur

Um hagnýtt meistaraverkefni er að ræða sem er samstarfsverkefni nemandanna í upplýsingafræði við Háskóla Íslands og sveitarfélagsins Vesturbyggðar. Sveitarfélagið Vesturbyggð er staðsett á sunnanverðum Vestfjörðum, til þess heyrna þorpin Bíldudalur og Patreksfjörður ásamt landbúnaðarsvæðum í fyrrum Rauðasandshreppi, á Barðaströnd og í Arnarfirði. Íbúar eru rúmlega eitt þúsund. Helstu atvinnugreinar á svæðinu eru hefðbundinn sjávarútvegur og laxeldi en einnig hefur ferðaþjónusta farið hratt vaxandi undanfarin ár. Sveitarfélagið rekur tvö almenningsbókasöfn sem staðsett eru á Bíldudal og Patreksfirði. Bókasafnið á Patreksfirði skipar sérstakan sess hjá höfundum sem hefur nýtt sér þjónustu þess frá barnsaldri og á það sameiginlegt með mörgum öðrum íbúum Vesturbyggðar að bera hag bókasafnanna fyrir brjósti. Það lá því beint við að líta til bókasafnanna þegar kom að vali á lokaverkefni í upplýsingafræði á sviði stjórnunar og stefnumótunar. Höfundur bar þá hugmynd að vinna verkefni um bókasöfnin undir bæjarstjóra Vesturbyggðar og féll það vel að fyrirætlunum sveitarfélagsins. Vilji er hjá ráðamönnum sveitarfélagsins að efla og bæta þjónustu þeirra tveggja bókasafna sem sveitarfélagið rekur og færa hana í nútímalegra horf en nú er. Sameiginleg ákvörðun var tekin um að vinna meginlega rannsókn til að komast að viðhorfum íbúa Vesturbyggðar og var hún framkvæmd á fyrstu mánuðum ársins 2016.

Afar lítið er til af heimildum um lítil bókasöfn á Íslandi en þessi rannsókn byggir að hluta á eigin reynslu höfundar sem notanda bókasafnsins á Patreksfirði í áratugi og sem starfsmann safnsins í hlutastarfi um tíma. Það bókasafn á að öllum líkindum margt sameiginlegt með öðrum bókasöfnum í sveitarfélögum af svipaðri stærð en ekkert er hægt að fullyrða um það að svo stöddu og verður því eingöngu fjallað um bókasöfnin á Bíldudal og Patreksfirði. Vegna skorts á heimildum er að mestu leyti stuðst við erlendar rannsóknir. Einnig er vísað í munnlegar heimildir, aðallega eru þar um að ræða heimildir frá deildarstjóra og félagsmálastjóra hjá sveitarfélaginu Vesturbyggð, Elsu Reimarsdóttur, en bókasöfn sveitarfélagsins heyrir undir hennar starfssviði.

Grunnurinn að því að byggja upp betri þjónustu er að komast að því hvernig þjónustu íbúar sveitarfélagsins vilja á bókasöfnunum og er það markmiðið með rannsókninni. Í framhaldinu þarf að vinna stefnumótun þar sem lítið er til þarfa samfélagsins, lögbundinna hlutverka

almenningsbókasafna og þeirra strauma og stefna sem eru ráðandi hjá almenningsbókasöfnum í dag. Til að komast að viðhorfum íbúa gagnvart þjónustunni var sendur spurningalisti til allra íbúa sveitarfélagsins 18 ára og eldri á íslensku, ensku og pólsku. Spurningalistar voru sendir út í byrjun janúar 2016 og úrvinnsla hófst í byrjun mars sama ár. Áður en spurningunni um þarfir og áhuga íbúanna er svarað verður rætt um fyrirliggjandi efni varðandi almenningsbókasöfn og sagt frá stöðu mála í Vesturbyggð.

Í fyrsta kafla er rennt yfir sögu lestrarfélaga á Íslandi og tilkomu almenningsbókasafna, þá verður sagt frá hlutverki almenningsbókasafna samkvæmt bókasafnalögum, menningarlegu og félagslegu gildi þeirra og breyttum áherslum bókasafna varðandi þá þjónustu sem þau bjóða upp á. Einnig verður rætt um mikilvægi upplýsingaþjónustu gagnvart nokkrum skilgreindum hópum samfélagsins sem telja má að þurfi meiri þjónustu af því tagi en aðrir. Þeir hópar eru innflytjendur, eldri borgarar og fjarnemar.

Almenningsbókasöfn gegna mikilvægu hlutverki í samfélögum en hlutverk og áherslur þeirra eru ólík eftir löndum og milli samfélaga innan hvers lands. Flest eiga þau sameiginlega þá stefnu að vera hlutlaus staður fyrir alla, óháð stétt og stöðu, og veita jafnan aðgang að upplýsingum. Víða erlendis gegna almenningsbókasöfn lykilhlutverki fyrir almenning til að komast í samband við umheiminn, leita sér upplýsinga eða jafnvel læra að lesa. Hér á landi hefur hlutverk þeirra verið að færast meira í þá átt að vera menningarstofnanir og sinna afþreyingu jafnt sem upplýsingagjöf. Einnig hafa sum stærri almenningsbókasöfn tekið að sér að veita innflytjendum þjónustu og hafa skapað sér hlutverk í fjölmenningsstarfi. Þetta er allt í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað erlendis undanfarin ár en hlutverk almenningsbókasafna hefur verið að breytast og færast meira í átt að menningarhúsum þar sem unnið er með þjóðmenningu, fjölmenningu og menningu sem listir, ekki síður en hið hefðbundna starf bókasafna. Það má velta fyrir sér hvort það sé heillavænleg þróun ef flest bókasöfn flykkjast í sömu áttina og einsleitni verður ríkjandi. Því verður einnig fjallað um menningarlegt forræði, ásamt því að skoða hugmyndir um félags- og menningarauðmagn og hvernig almenningsbókasöfn geta veitt einstaklingum aðgengi að því.

Í öðrum kafla er almenn umfjöllun um sveitarfélagið Vesturbyggð og þá þjónustu sem bókasöfn sveitarfélagsins veita í dag. Sérstaklega er litið til íbúasamsetningar og þjónustu við innflytjendur.

Þriðji kafli snýr að rannsókninni sjálfri. Sagt er frá skipulagi og framkvæmd rannsóknarinnar, þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar voru og þátttakendum. Farið er yfir spurningar könnunarinnar og svör skoðuð í samhengi við nokkrar tiltekna breytur.

Í fjórða kafla er farið yfir niðurstöður út frá hverri og einni spurningu og í framhaldinu er umræðukafli þar sem litið á niðurstöðurnar í samhengi við þau fræði sem vitnað var í á undan. Ritgerðinni lýkur síðan með lokaorðum.

1. Almenningsbókasöfn á Íslandi

Hér verður litið yfir það efni sem er til um málefni almenningsbókasafna á Íslandi, bæði tölfræðilegt og fræðilegt, ásamt því að fjalla um sögu og tilkomu íslenskra lestrarfélaga og almenningsbókasafna. Hlutverk almenningsbókasafna verður einnig rætt út frá nokkrum hliðum. Fyrst er að nefna lagalegar skyldur sem ríkið skilgreinir í bókasafnalögum og skilgreiningar erlendra samtaka sem eru leiðandi hvað varðar stefnumótun fyrir bókasöfn og upplýsingaþjónustu. Í framhaldi er fjallað um lestur, uppbyggingu safnkosts og upplýsingaþjónustu og síðasti hlutinn snýr að félagslegu hlutverki almenningsbókasafna út frá hugtökum um félagslega formgerð (e. habitus) og menningarlegt forræði (e. hegemony).

1.1. Fyrirliggjandi efni um almenningsbókasöfn á Íslandi

Talsverður skortur er á fræðilegum heimildum og tölfræðilegu efni um bókasöfn í smærri sveitarfélögum landsins. Gott dæmi um skort á tölfræðilegu efni er að ekki er hægt með góðu móti að komast að fjölda almenningsbókasafna á landinu. Nokkrar stofnanir og félög koma upp í hugann þegar leggjast skal í leit að upplýsingum um fjölda bókasafna. Fyrst ber að nefna Landskerfi bókasafna sem rekur miðlæga bókasafnskerfið Gegni og gagnagáttina leitir.is. Gegnir byggir á bókasafnskerfinu Aleph 500, það er alhæft, samhæft bókasafnskerfi sem nýtist í öllum almennum rekstri bókasafna. Á vefsíðu Landskerfa bókasafna er listi yfir öll bókasöfn á Íslandi sem eiga aðild að Gegni en hana þarf að sækja um hjá Landskerfum. Á listanum eru 306 bókasöfn en þau eru ekki sundurliðuð eftir tegundum safna, þar eru saman almenningsbókasöfn, skólabókasöfn og sérfræðisöfn. Ef litið er yfir listann er líklegt að almenningsbókasöfnin á honum séu á bilinu 70 til 80 (Landskerfi bókasafna, e.d.). Sá fjöldi er í samræmi við fjölda sveitarfélaga á landinu en samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru þau 74 (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.). Sambandið hefur ekki upplýsingar um bókasöfn á sinni vefsíðu og ekki fengust frekari upplýsingar á skrifstofu þess. Landsbókasafn – Háskólabókasafn veitir bókasöfnum landsins faglega ráðgjöf og sinnir þar að auki ýmsum verkefnum sem varða öll bókasöfnin. Á vefsíðu safnsins eru engar upplýsingar um bókasöfn landsins (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, e.d.). Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna heldur úti vefsíðunni fina.is og þar eru upplýsingar um

meðlimi samtakanna og bókasöfnin sem þeir eru í forsvari fyrir, en þar eru ekki fulltrúar allra almenningsbókasafna landsins enda er þátttaka í félaginu frjálst val hvers forstöðumanns (Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, e.d.). Að lokum má nefna vefinn bokasafn.is sem er rekinn sameiginlega af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, FÍNA – félagi forstöðumanna bókasafna og sveitarfélaginu Ölfusi. Þar kemur fram að bókasöfn landsins séu yfir 300 og af ýmsum gerðum en ekki er sérstaklega tekið fram hver fjöldi almenningsbókasafna er. Hvert og eitt bókasafn ber ábyrgð á sinni skráningu og að viðhalda réttum upplýsingum. (bokasafn.is, e.d.). Á vefsíðunni er hægt að skoða bókasöfn eftir landshlutum og sést þar að eitt bókasafn á Vestfjörðum er skráð; bókasafnið á Ísafirði, en ætla má að bókasöfn á Vestfjörðum séu hátt í tíu. Það sama á við um þátttöku í Félagi forstöðumanna almenningsbókasafna, þar er bókasafnið á Ísafirði eitt skráð af öllum bókasöfnum Vestfjarða. Ekki var lagst í þá vinnu að komast að raunverulegum fjölda almenningsbókasafna í hverjum landshluta og bera saman við upplýsingar á fyrrnefndum vefsíðum en það er ljóst af þessari óformlegu könnun að ekki eru nálægt því öll bókasöfn landsins þátttakendur í þeim félagsskap sem stendur til boða eða skráð í gagnagrunninn bokasafn.is. Upplýsingar á vefsíðu Landskerfa bókasafna eru það sem helst kemur að gagni við að reyna að átta sig á fjölda almenningsbókasafna á landinu.

Ekki er gott að fullyrða um ástæður þess að skortur er á fræðilegu efni, hugsanlega er minna fjallað um bókasöfn í dreifbýli vegna verra aðgengis rannsakenda að þeim en bókasöfnum í þéttbýli, eða einfaldlega vegna minni áhuga. Þar að auki er minna um megindlegar rannsóknir en eigindlegar í upplýsingafræði á landinu og því ekki mikið hægt að alhæfa um heildina út frá þeim rannsóknum sem til eru. Skort á tölfræðilegu efni er einnig erfitt að skýra en hann er líklega mikið til kominn vegna þess að almenningsbókasöfn þurfa ekki að skila neinum skýrslum, nema hugsanlega til viðkomandi sveitarfélaga. Eitt af hlutverkum fyrrum bókafulltrúa ríkisins var að sjá til þess að bókasöfn landsins skiluðu ársskýrslum en eftir að embættið var lagt niður með bókasafnslögum sem sett voru 1997 hefur engin eftirfylgni verið með því að bókasöfn skili skýrslum (Friðrik G. Olgeirsson, 2004). Á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga fengust þær upplýsingar að bókasöfn skila engum upplýsingum, tölfræðilegum eða öðrum, til sambandsins. Það er hverju og einu sveitarfélagi í sjálfsveld sett hvort bókasöfnin séu skylduð til að skila inn upplýsingum eða gögnum af einhverju tagi. Tölfræði ætti að vera mikilvæg í rekstri opinberra stofnana, þar með talið bókasafna en svo

virðist sem sveitarfélög leggi fæst mikla áherslu á að ársskýrslum sé skilað. Bókasöfnum Vesturbyggðar ber ekki að skila ársskýrslu en þau gera fjárhagsáætlun og er það eina skjalið sem forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins ber skylda til að vinna árlega (Elsa Reimarsdóttir, munnleg heimild, 14. október 2015).

Í 4. grein bókasafnalaga sem sett voru 2012 segir að ráðherra skipi bókasafnaráð til fjögurra ára í senn. Samkvæmt 5. grein laganna er bókasafnaráði ætlað að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna, setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur og sinna öðrum verkefnum. Í 14. grein laganna er sérstaklega fjallað um tölfræðilegar upplýsingar. Þar segir að bókasöfn skuli skila ráðuneytinu árlegum skýrslum um fjármál og starfsemi í samræmi við settar reglur bókasafnaráðs og að ráðuneytinu sé heimilt að fela öðrum að safna saman og vinna úr tölfræðilegum gögnum bókasafnanna. Bókasafnasjóður er efni 20. greinar laganna og þar kemur fram að honum sé ætlað það hlutverk að efla starfsemi bókasafna. Til að ná því markmiði muni hann styrkja rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi (Bókasafnalög nr. 150/2012). Fátt af þessu virðist hafa gengið eftir. Bókasafnaráð var skipað fyrir árin 2013-2017 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.) en ekki er með góðu móti hægt að finna neinar fundargerðir eða skýrslur frá ráðinu á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annars staðar á netinu.

Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður skrifaði grein um bókasafnalögin sem birtist í Bókasafninu árið 2013. Í greininni segir Ingibjörg að stofnun bókasafnasjóðs sé eitt mikilvægasta ákvæði laganna og þar sé „kominn grundvöllur fyrir fjármögnun rannsókn- og þróunarstarfs sem hefur svo sárlega vantað fyrir bókasöfnin.“ (Ingibjörg Sverrisdóttir, 2013). Bókasafnasjóður er ekki finnanlegur á listum yfir sjóði á vefsíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis og virðist aldrei hafa fengið fjárveitingu frá þinginu þrátt fyrir að hann sé lögbundinn. Þar vantar því enn þann grundvöll fyrir fjármögnun rannsókn- og þróunarstarfs sem Ingibjörg nefnir. Það má leiða getum að því að skortur á fjármagni sé ein ástæða þess af hverju er ekki meira um rannsóknir á málefnum bókasafna en raun ber vitni.

Þegar lítið er yfir lokaverkefni á meistarastigi í upplýsingafræði sem vistuð eru í Skemmunni, rafrænu gagnasafni háskóla landsins, sést vel hversu lítill gaumur er almennt gefinn að bókasöfnum utan höfuðborgarsvæðisins en nokkuð er til af lokaverkefnum sem tengjast almenningsbókasöfnum á einhvern hátt. Efnistöð þeirra verkefna eru fjölbreytt og í flestum

tilfellum er hægt að yfirfæra efnið á smærri bókasöfn. Jóhanna V. Gísladóttir (2009) fjallar um þjónustu almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu við unglunga en ætla má að unglingar eigi margt sameiginlegt hvar sem þeir eru búsettir. Það sama má segja um lesendaráðgjöf fyrir börn og unglunga á almenningsbókasöfnum, sem er efni lokaverkefnis Magnýjar Rósar Sigurðardóttur (2015); barnastarf almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu, sem var umfjöllunarefni Guðrúnar Ólafsdóttur (2013) og samvinnu almenningsbókasafna og leikskóla sem Elísabet Sólstað Valdimarsdóttir (2014) skrifaði um í sínu lokaverkefni. Málefni rafbóka og almenningsbókasafna ættu að vera starfsfólki bókasafna af öllum stærðum hugleikin en Dröfn Vilhjálmsdóttir (2013) gefur innsýn í það efni í lokaverkefni sínu. Nanna Guðmundsdóttir (2016) fjallar í sínu lokaverkefni um viðhorf karlmanna til almenningsbókasafna. Sjálfsagt glíma flest bókasöfn við hvernig eigi að laða þá að söfnunum sem nota þau alla jafna ekki og þar virðist áberandi að karlmenn nota bókasöfn almennt minna en konur. Nýting rýmis almenningsbókasafna út frá starfsemi þeirra og hugmyndum um söfnin sem þriðja staðinn er viðfangsefni Ásdísar Helgu Árnadóttur (2013) í hennar lokaverkefni. Það er efni sem öll almenningsbókasöfn geta tengt við, hvar sem þau eru á landinu (fjallað er um þriðja staðinn í kafla 1.5.) Ofantalið eru sjö lokaverkefni sem hægt er að tengja almenningsbókasöfnum almennt, þar fyrir utan er að finna í Skemmunni lokaverkefni í upplýsingafræði sem tengjast sérþemasöfnum og efni þeirra verkefna er sjálfsagt í einhverjum tilfellum hægt að yfirfæra á smærri bókasöfn í dreifðari byggðum.

Árið 1997 kom út bókinn *Sál aldanna*, í ritstjórn Guðrúnar Pálsdóttur og Sigrúnar Klöru Hannesdóttur. Bókin var gefin út í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá upphafi kennslu í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands og í henni er safn greina sem skiptist í sex hluta; saga bókaútgáfu, lestrarfélög og handritasöfn, rannsóknar- og sérfræðibókasöfn, skjalasöfn og skjalastjórn, almennings- og skólasöfn, safnþjónusta við sérhópa og menntun og þjónustuaðilar. Alls eru 33 greinar í bókinni eftir 34 höfunda. Flestar greinarnar eru sagnfræðilegs eðlis eða lýsa stöðu mála hjá ýmsum bókasöfnum á þessum tíma, almennings-, skóla- og sérfræðisöfnum. Ekki er um rannsóknargreinar að ræða í bókinni en hún er ágætis heimild um landslagið varðandi bókasöfn og skjalastjórn á Íslandi árið 1997.

Árið 1995 birtist í Bókasafninu greinin *Samviskuspurningar með siðfræðilegu ívafi*, eftir Sigrúnu Klöru Hannesdóttur. Í greininni fjallar Sigrún Klara um könnun sem gerð var meðal bókasafnsfræðinga og ófaglærðs starfsfólks bókasafna á Norðurlöndunum í þeim tilgangi að

kanna hvort til væri heimspekilegur grunnur sem starfsmenn bókasafna væru sammála um. Íslenska úrtakið taldi 158 einstaklinga en við val í úrtakið var lögð áhersla á að velja starfsfólk af bókasöfnum af öllum stærðum og af öllu landinu. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að skoðanir voru nokkuð skiptar meðal svarenda og töluverður munur milli landa. Sterk siðfræðileg meðvitund um starfið og mikil ábyrgðartilfinning bókavarda kemur fram ásamt því að þeir láti eigin dómgreind ráða (Sigrún Klara Hannesdóttir, 1995). Í sama tölublaði Bókasafnsins er grein eftir Stefaníu Júlíusdóttur sem nefnist *Bókasöfn á Íslandi. Mannafli, menntun, ritakostur, almennar aðstæður, löggjöf. Skipulag bókasafns- og upplýsingaþjónustu á landsvísu*. Þar rekur Stefanía niðurstöður könnunar sem hún gerði árin 1989 og 1990 á mannafla bókasafna á Íslandi. Könnunin var send til 665 aðila um allt land og tók á mörgum þáttum, svo sem fjölda stöðugilda á bókasöfnum, stöðu menntunar starfsfólks, aldri og kyni starfsfólks, og dreifingu starfshópa eftir safnategundum og þéttleika byggðar. Í greininni er einnig sagt frá því hvaða menntunarleiðir eru í boði fyrir starfsfólk bókasafna, löggjöf varðandi málefni bókasafna og aðstæður í þjóðfélaginu sem hafa áhrif á starfsemi þeirra. Þarna er um yfirlit að ræða sem lýsir aðstæðum á því tímabili sem könnunin er gerð og hefur gildi sem slíkt.

Ágúst Einarsson hagfræðingur gaf árið 2014 út bókina *Hagræn áhrif ritlistar*. Þar skrifar hann um virði, eftirspurn og framboð innan ritlistar, útgáfu og bókasöfn. Í bókinni er í einum kafla fjallað sérstaklega um bókasöfn, þessi kafla Ágústs er samantekt yfir helstu tölur og staðreyndir sem tengjast íslenskum bókasöfnum en er ekki frumrannsókn höfundar. Þar skýrir Ágúst meðal annars hagræn áhrif bókasafna, ræðir tæknilegar breytingar sem tengjast bókasöfnum (svo sem tilkomu rafbóka) og gefur yfirlit yfir helstu tölur tengdar bókasöfnum sex stærstu sveitarfélaga landsins. Þær eru fjöldi útibúa, fjöldi stöðugilda, fjárframlög, fjöldi heimsóknna, safnkostur og útlán. Ágúst segir einnig frá opnum aðgangi, vefunum bækur.is og rafhlaðan.is og bókasafnskerfinu Gegni, ásamt því að gefa yfirlit yfir fjölda eintaka og titla á bókasöfnum landsins og fjölda útlána.

1.2. Saga lestrarfélaga og tilkoma almenningsbókasafna á Íslandi

Íslendingar hafa löngum stært sig af því að vera mikil bókmenntaþjóð og öll þekkjum við til Íslendingasagna, handrita, rímna, húslesturs og kvöldvaka. Fyrstu vísar að bókasöfnum voru á biskupsstólunum á Hólum og í Skálholti og bókaeign jókst með tilkomu prentunar á landinu á

sextánda öld (Ágúst Einarsson, 2014). Almenningsbókasöfn verða þó ekki til að ráði á Íslandi fyrr en á fyrri hluta tuttugustu aldar. Þau verða mörg hver til sem framhald af lestrarfélögum sem voru starfrækt um allt land frá því um aldamótin 1800 (Ingibjörg Sverrisdóttir, 1997). Ingibjörg Sverrisdóttir fjallar um upphaf og þróun lestrarfélaganna í grein sem birtist í bókinni *Sál aldanna* árið 1997. Þar rekur hún sögu þeirra og skiptir henni niður í fjögur tímabil; upphafsskeið, þróunarskeið, almenningslestrarfélög og hnignunarskeið (Ingibjörg Sverrisdóttir, 1997). Árið 2013 kom út bókin *Good book, good library, good reading* sem inniheldur safn greina um rannsóknir sem tengjast bókum, bókasöfnum og lestri. Stefanía Júlíusdóttir á grein um lestrarfélögin í bókinni sem nefnist *Reading Societies in Iceland. Their foundation, Role, and the Destiny of Their Book Collections*. Efnistösk Stefaníu eru önnur en Ingibjargar en hún skoðar lestrarfélögin í samanburði við þá þróun sem átti sér stað á sama tíma í nágrannalöndunum, hvernig lestrarfélögin þróuðust og hvað varð um safnkost þeirra (Stefanía Júlíusdóttir, 2013). Í grein Ingibjargar kemur fram að töluvert sé til af skráðum heimildum um lestrarfélögin sem liggi víða um landið. Grein Ara Ívarssonar *Um bókasöfn á Patreksfirði* hlýtur að teljast til þeirra heimilda en hún birtist í *Árbók Barðastrandarsýslu* árið 2003. Greinar Ingibjargar og Stefaníu mynda ágætt yfirlit yfir sögu lestrarfélaga og tilkomu almenningsbókasafna á Íslandi, ásamt því að grein Ara bætir við heimildum um það svæði sem er til umræðu í þessu verkefni. Þessar þrjár greinar eru undirstaða þess yfirlits sem fer hér á eftir, en það er rakið eftir þeim tímabilum sem Ingibjörg skiptir tíma lestrarfélaga niður í.

Upphafsskeið, 1790-1840.

Upplýsingabyltingin berst til landsins með Dönnum sem tengdust helstu embættismönnum þjóðarinnar. Lestrarfélögin voru ekki hugsuð almúganum á þessum tíma. Á upphafsárunum var markmiðið með lestrarfélögunum að veita félagsmönnum þeirra aukna menntun og upplýsingu. Félagsgjöld lestrarfélagana voru há og bókakostur þeirra að miklu leyti á erlendum tungumálum, sem hvoru tveggja gerði það að verkum að alþýða fólks átti ekki kost á að nýta sér félögin. Framfarafélagið í Flatey var stofnað árið 1820 og Landsbókasafnið stofnað árið 1818 (Ingibjörg Sverrisdóttir, 1997).

Þróunarskeið, 1840-1870.

Lestrarfélög erlendis á þessum tíma voru ekki eingöngu tengd upplýsingunni heldur einnig byrjun iðnbyltingarinnar þar sem þörfin fyrir þekkingu verkafólks jókst (Stefanía Júlíusdóttir, 2013). Flest lestrarfélögin á Íslandi voru stofnuð við Breiðafjörð og á sunnanverðum Vestfjörðum, þar eru greinileg áhrif frá Framfarafélagi Flateyjar. Ennþá eru það efna- og áhrifameiri aðilar sem standa fyrir stofnun lestrarfélaga þó þeir færast nær almenningi en fyrri forsvarsmenn lestrarfélaga. Litið er á félögin sem tæki til framfara, stefnan verður frjálslýndari og helsti bókakosturinn er fræðsluefni með afþreyingu í bland (Ingibjörg Sverrisdóttir, 1997). Prestar voru áberandi sem hvatamenn að stofnun lestrarfélaga og árið 1839 tók til starfa í Barðastrandarsýslu guðfræðilegt lestrarfélag að tilstuðlan dansks háskólakennara, sem gaf félaginu bókaþjóf. Félagar voru aðeins prestar prófastsdæmisins sem höfðu áhuga og efni til þátttöku. Það er ljóst af þessu að þarna er enn til staðar ákveðin forréttindahugsun gagnvart lestrarfélögum hjá sumum embættismönnum. Á þessum tíma var byggð á Patreksfirði kölluð Eyrar, hún tilheyrði Sauðlauksdalsprestakalli og eflaust hafa íbúar Eyra átt aðgang að lestrarfélagi þess sem var stofnað 1847 (Ari Ívarsson, 2003).

Almenningslestrarfélög, 1870-1937.

Þetta er blómaskeið lestrarfélaganna sem eru stofnuð um allt land og talin vera á bilinu 230-250 þegar þau voru flest (Ingibjörg Sverrisdóttir, 1997). Á þessum tíma verða miklar tækniframfarir í landbúnaði og sjávarútvegi á Íslandi og byggðapróun að verða á þann hátt að fólk flytur úr sveitum í þéttbýli. Þjóðernisleg vakning á sér stað og ein afleiðing þess er mikil aukning ýmis konar félaga á borð við ungmennafélög, landbúnaðarfélög, kvenfélög og stúkur. Lestrarfélögin eru einn angur þessarar þróunar. Alþýða fólks notar þessi félög til að afla sér mennta og hafa áhrif í samfélaginu (Stefanía Júlíusdóttir, 2013). Gott dæmi um það er áhrif verkalýðsfélaga á stofnun lestrarfélaga. Árið 1933 hefur ekki verið starfandi lestrarfélag á Patreksfirði um nokkurn tíma. Á fundi Verkalýðsfélagsins í september það ár lagði hinn sextán ára gamli Jón Jónsson úr Vör það til að fundurinn kysi þriggja manna nefnd er athugaði möguleika á stofnun lestrarfélags. Það var gert og lestrarfélag stofnað sem starfaði um nokkurn tíma (Ari Ívarsson, 2003). Árið 1937 stofnaði Verkalýðsfélag Tálknafjarðar bókasafn og inn í það gekk bókakostur lestrarfélags sem áður hafði starfað í hreppnum (Lýður Björnsson,

2010). Ekki kemur fram í greinum Ingibjargar og Stefaníu hvort verkalýðsfélög annars staðar á landinu hafi beitt sér fyrir stofnun lestrarfélaga. Lestrarfélagið á Patreksfirði og bókasafnið á Tálknafirði spretta greinilega upp úr grasrót hins efnaminna verkafólks. Þess vegna er einnig afar áhugavert að sjá að um svipað leiti, árið 1939, leggur sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu til að stofnað verði nýtt sýslubókasafn á grunni annars sem hafði verið starfandi um 25 ára skeið en selt að mestu leyti á uppboði árið 1923. Hlutverk hins nýja safns er „einkum að eignast þær bækur, er lestrarfélög hreppanna innan sýslunnar leggja litla áherzlu á að afla sér, bæði sökum dýrleika og lítillar eftirsóknar alls almennings til lestrar, svo sem vandaðar og dýrar útgáfur af ritverkum íslenzkra og erlendra höfunda, vandaðar útgáfur fornrita og fleiri slíkar bækur.“ (Jóhann Skaptason, 1949). Sýslubókasafninu virðist ekki att gegn lestrarfélögunum heldur hugsað sem viðbót, því er ætlað að safna sem mestu af þeim bókmenntum sem taldar eru hafa varanlegt gildi „og varðveita þær sem best á einum stað, þar sem almenningur gæti átt greiðan aðgang að þeim.“ (Jóhann Skaptason, 1949). Svo virðist sem á þessum tíma hafi verið ákveðið kapphlaup í gangi varðandi það að verða sér úti um eldri bækur og mikil einkasöfnun í gangi hjá ákveðnum einstaklingum í landinu. Sýslubókasafninu var ætlað að tryggja að eitthvað af eldri bókum myndu rata til safnsins og fólk hvatt til að gefa því slíkar bækur. Ekki er heimilt að lána bækur út úr sýslunni. Einnig óska forráðamenn þess að „afla safninu allra rita barðstrendska rithöfunda, svo að safnið geti gefið glögga mynd af opinberri þátttöku sýslunnar í andlegu lífi þjóðarinnar.“ (Jóhann Skaptason, 1949). Um tíma voru því bæði starfandi lestrarfélag og sýslubókasafn á Patreksfirði og bæði virðast hafa fengið styrki úr sýslu- og hreppssjóðum, eins og algengt var um önnur lestrarfélög á landinu á þessum tíma.

Lokaskeið. 1937-1955.

Á fyrstu árum þessa tímabils lifnaði yfir mörgum lestrarfélögum þegar sett voru lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, en ætlunin með þeim var meðal annars að styrkja lestrarfélög í fámennari byggðarlögum. Ríkið styrkti félögin á móti árgjöldum eða framlögum úr hreppssjóðum. Á sama tíma þéttist byggð enn frekar og skólahald styrkist, með því minnkar þörfin fyrir lestrarfélögin og flest þeirra leggja niður alla starfsemi þegar lög um almenningsbókasöfn taka gildi árið 1955 (Ingibjörg Sverrisdóttir, 1997). Þróunin í Barðastrandarsýslu er í takt við þetta og árið 1945 lagði lestrarfélagið upp laupana. Árið 1964

eru bókakostur fyrrum lestrarfélagsins og sýslubókasafnsins sameinaður og með því verður til núverandi bókasafn; Héraðsbókasafn Vestur-Barðastrandarsýslu. Í öllum þeim hreppum sem nú mynda sveitarfélagið Vesturbyggð voru til lestrarfélög (Ari Ívarsson, 2003). Samkvæmt leit sem höfundur lagðist í kom í ljós að bókakostur og gögn Lestrarfélags Rauðsendinga er í geymslu bókasafnsins á Patreksfirði, bókakostur og gögn Lestrarfélags Barðastrandar er í geymslu í Birkimelsskóla á Barðaströnd og bækur og gögn lestrarfélaganna á Bíldudal og Patreksfirði gengu inn í bókasöfnin þegar þau voru stofnuð.

1.3. Hlutverk almenningsbókasafna

Til að leggja línurnar er nauðsynlegt að byrja á því að ræða hlutverk og skyldur almenningsbókasafna burtséð frá stærðum þeirra sveitarfélaga sem þau þjóna. Hér verður einna helst litið til íslenskra aðstæðna en þær eru að mörgu leyti sambærilegar við það sem gerist í þeim löndum sem helst er horft til sem fyrirmynda íslenskra bókasafna. Starfsemi almenningsbókasafna hefur undanfarin ár verið að breytast úr því að vera bókasöfn með aðaláherslu á útlán bóka og annars prentaðs efnis í það að vera menningarstofnanir með fjölbreytta starfsemi. Samkvæmt bókasafnalögum eru almenningsbókasöfn „menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum.“ (Bókasafnalög nr. 150/2012). Núverandi bókasafnalög voru sett árið 2012 og má segja að þau hafi verið orðin tímabær vegna breytts starfsumhverfis bókasafna. Þau eru mörg hver að endurskilgreina hlutverk sitt með aukna áherslu á menningarhlutverkið, samanber Borgarbókasafn Reykjavíkur. Á vefsíðu Borgarbókasafns segir um hlutverk safnsins:

„Borgarbókasafn Reykjavíkur er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Lögð er áhersla á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að þjónustu, fræðslu og viðburðum á sviði menningar og lista.“

(Borgarbókasafn, e.d.).

Á sama stað kemur fram að Borgarbókasafn gegni forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna landsins (Borgarbókasafn, e.d.) og borgarbókavörður lítur á það sem

hlutverk og skyldu Borgarbókasafns að veita öðrum bókasöfnum landsins ráðgjöf og aðstoð (Pálína Magnúsdóttir, munnleg heimild, 20. nóvember 2015). Í bókasafnalögunum kemur fram að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sé forystusafn bókasafna landsins (Bókasafnalög nr. 150/2012) en þar er Borgarbókasafnið ekki tiltekið sérstaklega. Það er því ljóst að ákvörðun um safnið gegni forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna á landinu er ekki formleg ákvörðun í stjórnkerfinu heldur forstöðumanna safnsins. Þrátt fyrir það er jákvætt að lítil bókasöfn geti leitað til Borgarbókasafns, þar sem fagþekkingu er að finna, eftir aðstoð og ráðgjöf en það er spurning hvort sömu söfn fylgi í fótspor Borgarbókasafnsins þegar kemur að þróun þjónustu eða hvort þau skapi sér sérstöðu eftir hverju samfélagi fyrir sig.

Helsta hlutverk íslenskra bókasafna á að vera að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita öllum landsmönnum kost á að njóta þjónustu þeirra (Bókasafnalög nr. 150/2012). Þar fyrir utan hafa bókasöfn annars konar jákvæð áhrif, svo sem hagræn. Í bók sinni um hagræn áhrif ritlistar fjallar Ágúst Einarsson hagfræðingur meðal annars um jákvæð ytri áhrif bókasafna, sem eru að dreifa þekkingu, stuðla að jafnræði og jafna milli tekna fólks. Allt hefur þetta jákvæð áhrif á framleiðni og eykur lífsgæði (Ágúst Einarsson, 2014). Ytri áhrif almenningsbókasafna geta einnig verið jákvæð hvað varðar traust. Í rannsókn á sambandi almenningsbókasafna og trausti í samfélögum kom fram að bein tengsl eru milli þess hversu miklu fé þjóðir verja í almenningsbókasöfn og þess hversu mikið traust ríkir meðal þegnanna, því hærra sem fjármagnið er því meira verður traustið (Ide, Steinmo og Vårheim, 2007).

IFLA (The International Federation of Library Associations and Institutions) eru alþjóðleg samtök bókasafna, sem hafa sett fram stefnumörkun og leiðbeiningar í flestu sem viðkemur starfsemi bókasafna og líta bókasöfn um allan heim til þeirra við gerð eigin stefnumörkunar. Í *IFLA Public Library Service Guidelines* segir að tilgangurinn með almenningsbókasafni sé að láta í té úrræði og þjónustu í margvíslegu formi í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir einstaklinga og hópa fyrir menntun, upplýsingar og persónulegan þroska og þarfir fyrir afþreyingu og frístundir. Bókasöfnin hafa mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar þróun og viðhaldi lýðræðislegs samfélags með því að gefa einstaklingum aðgang að fjölbreyttu framboði af þekkingu, hugmyndum og skoðunum (IFLA, 2010). Með því að hafa aðgang að fjölbreyttu og hlutlausu efni öðlast einstaklingurinn tækifæri til að mynda sínar eigin skoðanir. Mikil áhersla er lögð á það hjá IFLA að allir eigi jafnan aðgang að almenningsbókasöfnum, burtséð

frá kynþætti, þjóðerni, aldri, kynferði, trú, tungumáli, fötlun, menntunarstigi og atvinnu- og fjárhagslegri stöðu (IFLA, 2010).

UNSECO, menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, hefur einnig gefið út stefnuyfirlýsingu varðandi almenningsbókasöfn. Í henni segir að almenningsbókasafnið sé staðbundin miðstöð upplýsinga, sem gerir alls konar þekkingu og upplýsingar aðgengilegar notendum sínum. Út frá því er gengið í yfirlýsingu UNESCO að frelsi, velsæld og þróun samfélags og einstaklings séu grundvallar gildi mannsins. Þeim er eingöngu hægt að ná með getu vel upplýsts borgara til að neyta síns lýðræðislega réttar og til að spila virkt hlutverk í samfélaginu. Uppbyggileg þátttaka og þróun lýðræðis byggir á ásættanlegri menntun jafnt og frjálsum og óháðum aðgangi að þekkingu, hugsunum, menningu og upplýsingum. Almenningsbókasafnið leggur til grunnskilyrði ævilangs lærdóms, sjálfstæðrar ákvarðanatöku og menningarlegrar þróunar bæði einstaklinga og hópa (UNESCO, e.d.). Í yfirlýsingu UNESCO er lögð áhersla á aðgengi allra á mjög svipuðum nótum og hjá IFLA. UNESCO bætir þar að auki við að sértæk þjónusta og efni skuli standa þeim til boða sem geti ekki nýtt sér hefðbundna þjónustu og efni, svo sem vegna tungumála eða fötlunar. Einnig er þar átt við fólk í heftandi aðstæðum, til dæmis á sjúkrahúsum eða í fangelsum. Allir aldurshópar eiga að finna efni við sitt hæfi. Safnkostur og þjónusta þarf að innihalda nútíma miðlun og tækni ásamt hefðbundnu efni. Gæði og mikilvægi miðað við þarfir samfélagsins eru undirstöðuatriði (UNESCO, e.d.).

Það sést að íslensk lög og stefnumótun Borgarbókasafns taka mun sterkari afstöðu með aðgangi að menningu en IFLA, þar sem áherslan er meiri á lýðræði og persónulegan þroska. UNSECO leggur einnig áherslu á lýðræði og mikilvægi þess að huga að þörfum samfélagsins. Allir þrír aðilarnir ganga út frá grundvallar hugmynd bókasafna um aðgengi fyrir alla. Hér er eingöngu um leiðbeiningar að ræða frá IFLA og UNESCO sem hvert og eitt bókasafn getur haft til viðmiðunar við sína stefnumörkun, það fer eftir aðstæðum í hverju samfélagi fyrir sig hvernig sú stefnumörkun verður á endanum. Þó í fljótu bragði virðist ekki mikill munur á samfélögum getur stefna og þjónusta almenningsbókasafna verið mjög ólík og eðlilegt er að leita ástæðanna í samfélögum viðkomandi safna. Dæmi um það eru almenningsbókasöfn í Manchester í Bretlandi og Róm í Ítalíu en samanburðarrannsókn á almenningsbókasöfnum þessara tveggja borga var gerð árið 2014. Niðurstöður rannóknarinnar sýna að samfélagsleg stefna bókasafnanna er ólík, bresku söfnin eru mjög borgarasinnuð og leggja áherslu á aðstoð við atvinnuleit og leit að upplýsingum um bóta- og heilsufarsmálefni. Ítölsku söfnin eru aftur á

móti meira afþreyingarsinnuð og litið á þau sem staði til að hittast, lesa blöðin, læra og hangsa með vinum sínum (Sbaffi og Rowley, 2015). Ekki kemur fram í rannsókninni hver staðan er almennt á þjónustu gagnvart atvinnulausum og öðrum sem sækja þjónustu bókasafnanna í Manchester. Sú staðreynd að boðið sé upp á þessa þjónustu á bókasöfnum bendir þó til þess að hana hafi vantað í samfélaginu.

Í landi á borð við Ísland hefur fólk gott aðgengi að opinberum upplýsingum, menntun, interneti og öðru sem víða í öðrum heimshlutum er uppistaðan í þjónustu almenningsbókasafna og áherslur því eðlilega ólíkar milli landa. Í grunninn má þó segja að öll bókasöfn haldi í heiðri þá stefnu að allir eigi að hafa jafnt aðgengi að þeim gæðum sem bókasöfnin bjóða upp á og hlutverk almenningsbókasafna sé að jafna möguleika fólks.

1.3.1. Nýting bókasafna og uppbygging safnkosts

Nýtingu bókasafna er áhugavert að skoða annars vegar út frá því hverjir nota bókasöfnin og hversu mikið og hins vegar út frá því hvaða efni og þjónustupætti gestir safnanna nýta. Í fyrrnefndri rannsókn á almenningsbókasöfnum í Manchester og Róm kemur fram að töluverður munur er á nýtingu safnanna eftir aldri íbúa, einnig er munur milli safnanna á nýtingu efnis og annarra þjónustupátta. Ungt fólk í Róm notar bókasöfnin meira en í Manchester, sem kemur að miklu leyti til af hlutverki ítölsku safnanna sem samverustaðar. Aftur á móti er munurinn í hina áttina þegar kemur að elstu notendunum, þeir eru mun stærri hópur á bresku söfnunum. Hvað nýtingu varðar er munur á því hvaða þjónustupætti er boðið upp á, til dæmis eru 90% allra almenningsbókasafna í Manchester með einn eða fleiri lestrarhóp á móti 50% almenningsbókasafna í Róm. Aðsókn í bækur er samt sem áður svipuð milli landa og hluti af kjarnastarfsemi bókasafnanna (Sbaffi og Rowley, 2015). Bresk könnun sem var gerð meðal almennings árið 2010 sýndi fram á svipaða niðurstöðu varðandi nýtingu efnis, það er að segja að bækur eru sá þjónustupáttur sem flestir sögðust nýta á almenningsbókasafni. 76% fengu lánaðar bækur til afþreyingarlesturs en 44% bækur tengdar námi. Þar á eftir var internetaðgangur, upplýsingaþjónusta og afþreying en 20% eða færri merktu við alla þá þætti. Tæp 40% svarenda höfðu heimsótt almenningsbókasöfn síðustu tólf mánuði (Ipsos MORI, 2010). Álíka könnun meðal bandarísks almennings sem var framkvæmd árið 2012 leiddi mjög svipaðar niðurstöður í ljós. Nokkuð hærra hlutfall svarenda hafði þó

heimsótt almenningsbókasafn síðustu tólf mánuði, eða 53%. Aftur eru það bækur sem eru vinsælasti þjónustupátturinn en 73% þeirra sem nota almenningsbókasöfn taka bækur að láni. Helmingurinn sækir bókasafn til að leita aðstoðar upplýsingafræðings og álíka margir heimækja bókasöfnin í þeim tilgangi að lesa, læra eða nýta afþreyingu af einhverju tagi á staðnum (Purcell, Rainie og Zickuhr, 2012). Það er eðlilegt að þjónusta almenningsbókasafna hafi tekið breytingum í gegnum tíðina og muni halda því áfram í takt við breyttar þarfir notenda. Þó bókasöfnin breytist má samt sem áður telja líklegt að bækur verði áfram hjarta þeirra og útlán á bókum mikilvægan hluta þjónustunnar. Rannsóknir á borð við þær sem voru nefndar hér að ofan benda sterklega til þess.

Yndislestur er hugtak sem nær yfir það þegar einstaklingar lesa sér til ánægju af fúsum og frjálsum vilja, það er að segja ekki efni tengt námi eða starfi heldur efni sem viðkomandi velur sjálfur út frá sínum áhuga (The Reading Agency, 2015). Bresku samtökin *The Reading Agency* létu gera samanburðarrannsókn árið 2015 á efni sem skrifað hefur verið um yndislestur, bæði ritrýnt og óritrýnt efni, samtals 51 grein. Í framhaldi af því voru settar fram skilgreiningar á tvenns konar lestri. Annars vegar er um að ræða yndis- eða afþreyingarlestur (e. reading for pleasure, recreational reading), það er athöfn sem miðar að því að eyða tíma og til skemmtunar. Hins vegar er það lestur til sjálfsefningar (e. reading for empowerment), sem er athöfn sem miðar að því að rækta og þróa sjálfan sig umfram lestrargetu (The Reading Agency, 2015). Yndislestur er einnig hægt að skoða út frá ólíkum aldurs- og þjóðfélagsstigum og allt í samhengi við bókasöfn. Þessar tvær gerðir lesturs koma sterklega við sögu í rannsókn sem gerð var í þeim tilgangi að meta ávinning almenningsbókasafna í Finnlandi, Noregi og Hollandi. Eitt af því sem spurt var um í þeirri rannsókn var ávinningur notenda bókasafna gagnvart nokkrum ólíkum þáttum. Þættirnir sem spurt var um flokkast í vinnu, menntun, hversdagslega afþreyingu og menningarlega afþreyingu. Þeir tveir þættir sem fólk taldi sig helst bera ávinning af voru sjálfsmenntun (menntun) og lestur til ánægju (menningarleg afþreying) og átti það við öll þrjú löndin (Aabø, Audunson, Huysmans, Oomes og Vakkari, 2013).

Ávinningur notenda er eitt af því sem vert skyldi að hafa í huga við gerð stefnu um uppbyggingu safnkosts almenningsbókasafns. Margt annað er mikilvægt við gerð slíkrar stefnu, bæði sem snýr að notendum, bókasöfnum og þeim sem þau tilheyra, en á Íslandi eru það sveitarfélögin. Flest stærri almenningsbókasöfn landsins sem halda úti vefsíðum birta þar stefnur sínar um

uppbyggingu safnkosts, en það eru ekki mörg söfn og ómögulegt að vita nema leggjast í rannsóknarvinnu hvernig staðan er hjá öðrum söfnum landsins.

IFLA gaf árið 2001 út leiðarvísi fyrir bókasöfn varðandi gerð stefnu um uppbyggingu safnkosts; *Guidelines for a collection development policy using the conspectus model*. Þar er sérstaklega tekið fram í inngangi að leiðbeiningunum sé meðal annars ætlað að gagnast bókasöfnum á svæðum þar sem ekki er sterk hefð fyrir gerð slíkra stefna (IFLA, 2001). Þó almenningsbókasöfn landsins eigi í grunninn margt sameiginlegt er líklega margt sem aðskilur þau, einkum þættir sem snúa að hverju samfélagi fyrir sig en þau eru vafalítið eins misjöfn og þau eru mörg. Í IFLA leiðbeiningunum segir að hver stofnun og hvert samfélag sé einstakt, þess vegna þurfi stefnur þeirra einnig að vera einstakar. Stefnan á að endurspegla tiltekið bókasafn og samfélagið sem það þjónar. Til að byrja með þarf bókasafn að setja fram stefnuyfirlýsingu þar sem í grunninn kemur fram hvernig það hyggst þjónusta samfélagið miðað við þarfir þess. Markmiðið með því að leggja fram formlega stefnuyfirlýsingu er einna helst að búa til ramma utan um starfið sem skapar festu fyrir starfsfólk, skapa formlega samskiptaleið við fjármagnsvaldið, koma í veg fyrir ritskoðun og að ákvarðanir sem styðja ekki við stefnuna séu teknar að illa ígrunduðu máli. Stefna um uppbyggingu safnkosts inniheldur innkaupastefnu, sem segir oftast nær eingöngu til um það efni sem safnið hyggst kaupa inn. Hún inniheldur einnig grisjunarstefnu og stefnu um hvernig skuli meðhöndla gjafir. Könnun sem gerð var meðal starfsfólks almenningsbókasafna í Bandaríkjunum og Kanada árið 2000 leiddi í ljós að tæp 92% af 294 svarendum töldu grisjun auka útlán á bókum. Litlu færri, 86%, töldu grisjun einnig auka ánægju viðskiptavina bókasafnanna. Margir svarenda tóku fram að yfirfullar hillur hefðu fælandi áhrif á viðskiptavinum og löttu þá frá því að skoða efnið í hillunum. Felstir viðskiptavinir bókasafna eru einnig viðskiptavinir bókaverslana og þar eru þeir vanir fágúðum og smekklefum uppstillingum, margir hverjir eru farnir að gera ráð fyrir álíka uppstillingum á bókasöfnum (Dilevko og Gottlieb, 2003).

IFLA setur fram í fjórum flokkum helstu ástæður þess að mikilvægt sé að eiga skrifaða stefnu; val, skipulag, almannatengsl og víðara samhengi.

- Val. Meginhlutverk skriflegrar stefnu er að veita starfsfólki leiðsögn þegar kemur að því að velja og hafna efni inn á bókasafnið. Stefnan á að ná yfir öll skref ferlisins; val, kaup, skráningu, geymslu, grisjun og svo framvegis. Allt með tilliti til þess á hvaða formi efnið

er og með vísun í stefnu safnsins um umfang og stærð safnkostsins. Þessi vinnubrögð minnka líkurnar á persónulegum ákvarðanatökum einstaklinga og hlutdrægni og tryggir samfellu og samræmi í safnkostinum.

- Skipulag. Afmörkuð stefna veitir tryggan grunn að framtíðarskipulagningu og hjálpar þannig til við að skilgreina forgangsatíði, sem er sérlega mikilvægt þegar um takmörkuð fjárráð er að ræða. Þetta skapar undirstöðu fyrir réttláta skiptingu úrræða innan bókasafnsins og hjálpar til við að verja fjármagn þess með því að veita rök með fjárhagsáætlunum.
- Almennatengsl. Formleg stefna getur gagnast bókasafninu mjög vel þegar kemur að samskiptum við notendur, stjórnkerfið og þá sem halda um fjármagnið. Stjórnkerfið og fjármagnsaðilar sýna ábyrgð og skuldbindingu með því að standa við sett markmið stefnunnar. Stefnan er nokkurs konar ígildi samnings við notendur og sýnir við hverju má búast hvað varðar safnkost og þjónustu. Með því að vísa í stefnuna er hægt að rökstyðja ákvarðanir, bregðast við gagnrýni eða ritskoðun tiltekinna hagsmunahópa og afþakka gjafir eða óviðeigandi efni.
- Víðara samhengi. Þar sem hvert og eitt bókasafn getur ekki veitt alla mögulega þjónustu er skynsamlegra að vinna með öðrum bókasöfnum og stofnunum. Til að það samstarf gangi vel þarf að vera skýrt hvað hver stofnun gerir, og hverju hvert og eitt bókasafn safnar. Skrifleg stefna er því oft grundvöllur að frekara samstarfi og samnýtingu úrræða, hvort sem er innan sveitarfélags, lands eða jafnvel milli landa (IFLA, 2001).

1.3.2. Upplýsingaþjónusta

Þróun samfélags okkar og gríðarlegt magn upplýsinga alls staðar kallar á breyttar áherslur við notkun upplýsinga og að vera tilbúin að takast á við síbreytilegt umhverfi. Við fáum upplýsingar hvar sem er og upplýsingar eru hin nýju verðmæti nútímans, mikilvægi þeirra og getan til að nýta þær eru orðnir nauðsynlegir þættir í okkar þjóðfélagi. Það er hætt við að þeir sem eru ekki vel upplýsingalæsir dragist aftur úr og eigi minni líkur á að nýta þau tækifæri sem þjóðast í lífinu. Þess vegna er mikilvægt að almenningsbókasöfn sinni vel því hlutverki sínu að veita faglega upplýsingaþjónustu, með því geta þau opnað fólki ýmsa nýja möguleika.

Upplýsingaþjónusta almenningsbókasafna er langt frá því að vera nýtt fyrirbæri, eða úrelt. Það gríðarlega magn upplýsinga sem nálgast má í dag getur verið yfirþyrmandi og hefur mörgum reynst erfitt að finna áreiðanlegar upplýsingar af ásættanlegum gæðum, sérstaklega þeim sem eru ekki vel upplýsingalæsir og þessi þjónusta getur verið mikilvæg fyrir ýmsa minnihlutahópa (Bawden og Robinson, 2009). Í Alexandríu yfirlýsingu IFLA um upplýsingalæsi og símenntun er upplýsingalæsi skilgreint sem getan til að þekkja þörf fyrir upplýsingar og finna, meta, nýta og skapa upplýsingar í menningar- og félagslegu samhengi. Upplýsingalæsi eykur samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja, svæða og þjóða og gerir alla þessa aðila hæfari til að taka þátt í þekkingarþjóðfélagi samtímans (IFLA, 2006).

Eitt af hlutverkum almenningsbókasafna samkvæmt bókasafnalögunum er að „halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum“ (Bókasafnalög nr. 150/2012) en ekki er nánar skilgreint í lögunum hvað upplýsingaþjónusta er. Samkvæmt skilgreiningu RUSA (Reference and Use Services Association) á upplýsingaþjónustu við þjónustu þar sem starfsfólk bókasafna ráðleggur, túlkar, metur og notar upplýsingar í þeim tilgangi að hjálpa öðrum við að svara ákveðinni þörf fyrir upplýsingar. Upplýsingaþjónusta eins og fer fram á upplýsingamiðstöðvum, svo sem fyrir ferðamenn, fellur ekki undir þessa skilgreiningu (RUSA, 2008).

Í upplýsingafræðum virðast fræðimenn sammála um að fólk hafi almennt tilhneigingu til að nýta persónuleg samskipti til að afla sér upplýsinga, frekar en formlegar upplýsingaleiðir. Fólk leitar til vina, ættingja og vinnufélaga svo fátt eitt sé nefnt (Lu, 2007). Í „The global information society“ fjallar William J. Martin (1995) meðal annars um skilgreiningar ýmissa fræðimanna á hugtökum á borð við upplýsingar og samskipti. Í samantekt segir hann að samskipti fólks megi líta á sem samskiptaferli byggt á því að deila upplifunum eða tilraunar til að læra af skoðunum og hegðun annarra. Þessi samskipti geta verið á ýmsa vegu, svo sem munnleg, skrifleg eða í formi líkamstjáningar (Martin, 1995). Þetta getur eins átt við samskipti og upplýsingaflæði manna á milli í heitum potti, á bókasafni eða annarri formlegri upplýsingamiðstöð. Almenningsbókasöfn með fjölbreytta starfsemi gefa möguleika á bæði formlegri upplýsingaleit og óformlegum samskiptum sem leiða til upplýsingaöflunar.

Rannsóknir sýna að bókasöfn geta verið mikilvægur liður í aðlögun innflytjenda að nýju samfélagi. Til dæmis hefur verið unnið markvisst að því að efla þjónustu við innflytjendur á

Borgarbókasafni Reykjavíkur, þar sem markmiðið er að „stuðla að gagnkvæmri félagslegri aðlögun“. Til marks um það er verkefnið Söguhringur kvenna sem er samstarfsverkefni bókasafnsins og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Verkefnið er ætlað konum sem hafa áhuga á að deila menningarlegum bakgrunni sínum með öðrum og skapa vettvang þar sem konur skiptast á sögum. Í söguhringnum gefst konum af erlendum uppruna einnig tækifæri til að tjá sig á íslensku, æfa tungumálið og fræðast um íslenska menningu, bókmenntir og siði (Borgarbókasafn, e.d.). Jamie Johnston fjallar um Söguhring kvenna og önnur álíka verkefni í grein sinni *The use of conversation-based programming in public libraries to support integration in increasingly multiethnic societies* (2016). Verkefnin sem um ræðir í greininni tengjast öll tungumálaverkefnum á almenningubókasöfnum sem ganga út á skipulögð samskipti innflytjenda og íbúa af staðnum sem tala tungumál viðkomandi lands. Með því að læra meira hvert um annað og skapa eitthvað sameiginlegt er hægt að hlúa að jákvæðum samskiptum. Niðurstaða Johnston er sú að skipulag verkefnanna búi til ramma sem gagnast vel við að skilja það félagslega ferli og gæði samskipta sem eiga sér stað innan tungumálaverkefnanna (Johnston, 2016).

Borgarbókasafnið byggir sína fjölmenningsstefnu á stefnuýfirlýsingu IFLA um hið fjölmenningslega bókasafn (Borgarbókasafn, e.d.). Í fjölmenningsstefnu IFLA segir að bókasafnsþjónusta í fjölmenningsarsamfélögum eigi bæði við þjónustu við hinn almenna notanda og eigi einnig að miða sérstaklega að minnihlutahópum sem lenda oft utangarðs, svo sem hælisleitendum og flóttafólki, íbúum með tímabundið dvalarleyfi og farandverkfólki (IFLA, 2011). Fljótt á litið virðist þetta vera í andstöðu við niðurstöðu rannsóknar sem Jessica Lingel gerði meðal hóps innflytjenda og farandfólks (e. migrants) í New York, en þar kom í ljós að langflestir þeirra nýta internetið og félagslegt tengslanet til að sækja sér upplýsingar um hið nýja umhverfi, bæði fyrir og eftir komu til landsins, ekki upplýsingaþjónustu bókasafna (Lingel, 2011).

Hins vegar getur verið að bókasafnið verði mikilvægt fyrir innflytjendur eftir að þeir hafa komið sér fyrir og hjálpi þeim við að byggja upp félagsauð í hinu nýja samfélagi. Rannsóknir Yang Lu á upplýsingahegðun í hópum bendir til að félagsleg vandamál fyrirfinnist hjá hópum innflytjenda og algengt sé að fáir einstaklingar sjái um samskipti fyrir stærri hóp út á við, sem gerir viðkomandi einstaklinga mjög valdamikla (Lu, 2007). Þetta er í samræmi við það sem Lingel komst að varðandi innflytjendur í New York og hversu mikilvægt félagslegt tengslanet

er þeim hópi (Lingel, 2011). Yang Lu fjallar um einstaklinga á borð við þessa í grein um hliðverði upplýsinga og mikilvægi þess að stofnanir á borð við bókasöfn séu til staðar sem hlutlaus staður þar sem hægt er að leita sér upplýsinga, ef fólk vill brjótast út úr sínum félagslega hring (Lu, 2007). Til þess að fólk sé tilbúið til þess þarf að ríkja traust, en samkvæmt Ide, Steinmo og Vårheim benda flestar rannsóknir til þess að fjölbreytileiki kynþátta og þjóðernis dragi úr trausti í samfélögum. Það eru þó til rannsóknir sem sýna fram á að það sé hægt að byggja upp traust sé unnið að því með markvissum hætti. Sömu höfundar unnu rannsókn á sambandi félagslegs trausts og almenningsbókasafna og komust að þeirri niðurstöðu að jákvætt samband væri þar á milli, bókasöfnin virka til dæmis vel sem staður fyrir nýja innflytjendur til að mynda tengsl og félagslega illa statt fólk á þar möguleika á samskiptum á jafningjagrunni. Almenningsbókasöfn eru eitt besta dæmið um það sem höfundar kalla „street-level“ stofnun, það er að segja stofnun sem er ekki yfir notendur sína hafin á nokkurn hátt og leggur áherslu á að þjóna öllum jafnt. Fólk af ólíkum uppruna, mismunandi þjóðfélagsstigum og af margskonar ástæðum sækir bókasöfnin á jafningjagrunni. Til samanburðar má nefna þjónustustofnanir þar sem fólk þarf að sækja bætur af einhverju tagi og upplifir niðurlægingu vegna þess. Við þær aðstæður er alls ekki um jafningjasamband að ræða. Í þessari rannsókn er einnig rætt um muninn á formlegum og óformlegum samskiptum sem eiga sér stað inni á almenningsbókasöfnum, við rannsóknina kom í ljós að óformleg samskipti á bókasöfnunum eiga þátt í að skapa traust og er sérstaklega talað um samskipti foreldra á barnasvæðum sem dæmi um aðstæður þar sem vel tekst til við að búa til tengsl og efla traust (Ide, Steinmo og Vårheim, 2007).

1.4. Habitus og almenningsbókasöfn

Habitus-hugtak félagsfræðingsins Pierre Bourdieu er vel þekkt innan ýmissa fræðigreina, þó sérstaklega félags- og menntavísinda. Í inngangi að bókinni *Almenningsálitid er ekki til* er habitus-hugtakið skýrt þannig „Hugtakið vísar til reglubundinnar, ómeðvitaðrar formgerðar sem einkennir hugsun, skynjun, hegðun og mat viðkomandi einstaklings.“ (Davíð Kristinsson, 2007). Í sömu bók er þýðing á grein Bourdieu „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar.“ þar vísar Bourdieu í vísindalega athugun sem sýnir fram á að smekkur og menningarþarfir séu afsprengi uppeldis og menntunar, það er að segja að fólk fæðist inn í tilteknar aðstæður og tileinkar sér ómeðvitað ákveðinn smekk sem er fyrst og fremst byggður á félagslegum uppruna

(Bourdieu, 2007). Bourdieu tekur sjálfan sig sem gott dæmi um að hver einstaklingur geti breytt sínum habitus, til dæmis með því að mennta sig, flytja í annað umhverfi eða með því að umgangast annað fólk en hann hefur áður gert. Eitt af því sem getur haft áhrif og auðveldað fólk að breyta um habitus er aðgengi að menningu og menntun og þar geta almenningsbókasöfn haft mikið að segja.

Það er áhugavert að velta fyrir sér þeirri áherslu sem bókasafna- og upplýsingafólk leggur á jafnt aðgengi allra að upplýsingum og hvort það að auðvelda aðgengi að menningu í ýmsum myndum breyti einhverju varðandi habitus einstaklinga. Miðað við það sem Bourdieu segir hefur aðgengið minna að segja en það umhverfi sem einstaklingurinn elst upp í, það skiptir því ekki svo miklu máli hvort viðkomandi hafi aðgang að öllum heimsins menningardýrgripum í næsta nágrenni ef engin hvatning hefur verið til staðar til að njóta þeirra (Bourdieu, 2007). Eins og segir orðrétt í inngangi að *Almenningsálitid er ekki til*, „*Habitus* rennur einstaklingnum í merg og bein í kjölfar áralangrar dvalar hans við þau tilteknu lífsskilyrði sem einkenna umhverfi hans.“ (Davíð Kristinsson, 2007). Einstaklingurinn getur þó tekið ákvörðun af einhverjum ástæðum um að færa sig yfir á annað svið, að einhverju eða öllu leiti. Innan hvers sviðs félagslegs rýmis, sama hvort það er svið ákveðinna samfélagshópa, fræða eða tísku, ríkja óskráðar reglur og venjur og til staðar er nokkurs konar dulmálslykill sem stendur þeim sem standa utan sviðsins ekki til boða. Það tekur tíma og fyrirhöfn að ná að fóta sig á nýju sviði en þegar dulmálið hefur verið ráðið er viðkomandi í höfn. Almenningsbókasöfn geta einmitt verið sá aðili sem veitir fólk aðgang að dulmálslyklinum, til dæmis innflytjendum sem eru að fóta sig í nýju samfélagi.

Bókasöfnin veita aðgengi að menningarauði, ekki bara í þeirri merkingu að þau geymi menningarauð í formi bókmennta heldur einnig í þeirri merkingu sem Bourdieu leggur í hugtakið menningarauður. Auður er dæmi um hugtak sem er sterkt í kenningum Bourdieu og er hægt að tengja víða. Í daglegu tali erum við sjálfsagt vönust hugtakinu auður í sambandi við efnahagslegan auð en sú tegund auðmagns er eingöngu ein af nokkrum samkvæmt Bourdieu. Í greininni *The Forms of Capital* talar Bourdieu sérstaklega um menningarauð og félagslegan auð (Bourdieu, 1990), en í inngangi að *Almenningsálitid er ekki til* er fjallað um fjórar gerðir auðs; efnahagslegur auður, félagslegur auður, táknrænn auður og menningarauður. Menningarlegur auður verður hluti af habitus einstaklinga og eitt af því sem skilgreinir þá, þeir sem búa yfir menningarauð hafa til dæmis „betri“ smekk en aðrir, eru betur menntaðir, tala

vandaðra mál og eiga meira af listaverkum (Dávíð Kristinsson, 2007). Menningarlegum auð er hægt að breyta í efnahagslegan auð og má ætla að hann gefi þeim sem yfir honum búa forskot á þá sem gera það ekki.

Allt þetta fellur undir sérstakt hagkerfi menningargæða, sem Bourdieu segir að lúti eigin lögmálum og þau þurfi að greina svo þau falli ekki í sama flokk og hefðbundin hagfræði (Bourdieu, 2007). Áhugavert er að velta þessu fyrir sér og spyrja meðal annars hvaða merkingu Bourdieu leggur í hugtakið „hefðbundin hagfræði“, fellur menningarhagfræði undir hans hugmyndir um „hefðbundna hagfræði“? Í bókinni *Economics and Culture* fjallar David Throsby um menningarauð (e. cultural capital) og tekur fram að þótt það hugtak sé notað í félagsfræði til að lýsa persónueinkennum einstaklinga sé það einnig að verða viðurkennt innan hagfræðinnar, en er þar notað til að skýra hefðbundnar hagfræðilegar hugmyndir um auðmagn í tengslum við menningu og menningarlega framleiðslu (Throsby, 2001).

Félagslegur, táknrænn og menningarlegur auður er að miklu leyti auður sem myndi falla undir almannagæði í hagfræðilegum skilningi, það er að segja auður sem skerðist ekki þó af honum sé tekið, eða hans notið. Dæmi er málverk á listasafni eða tónverk, það er jafn mikið eftir af málverkinu í lok dags eins og við opnun listasafnsins sama hvort tíu manns horfðu á það eða þúsund manns. Það sama gildir um tónverkið, það skerðist ekki þó margir hlusti á það. Bókasöfn falla ekki fullkomlega undir almannagæði í hagfræðilegum skilningi, hvert og eitt eintak af bók getur verið í útláni og þannig ekki aðgengilegt öllum (Ágúst Einarsson, 2014) en rafræn þjónusta bókasafna eða menningarstarfsemi getur fallið undir almannagæði. Samt sem áður er menningarauður ekki öllum aðgengilegur, samkvæmt kenningum Bourdieu, en þó sjaldnar af efnahagslegum ástæðum en félagslegum.

1.5. Félagslegt hlutverk bókasafna

Habitus er félagslegt fyrirbæri og almenningsbókasöfn geta gegnt mikilvægu félagslegu hlutverki þar sem vel tekst til. Mikið er fjallað um félagslegt hlutverk bókasafna í upplýsingafræðum, oft og tíðum í sambandi við minnihlutahópa svo sem innflytjendur. Bókasöfn eru oft kennd við þriðja staðinn, sem er staður þar sem fólk getur eytt tíma og átt í félagslegum samskiptum, eða eitt með sjálfu sér. Fyrsti staðurinn er heimilið og annar staðurinn er vinnustaður eða skóli. Margt annað en bókasöfn getur fallið undir skilgreiningu

þriðja staðarins, svo sem kaffihús og líkamsræktarstöðvar (Lawson, 2004). Þar sem almenningsbókasöfn eru rekin af metnaði og fagmennsku ættu þau að geta gegnt lykilhlutverki fyrir félagsstörf, menningu og þjónustu. Í rannsóknum Johnson og Griffis á samanburði á bókasöfnum í dreifbýli og þéttbýli kom meðal annars í ljós að söfn í þéttbýli virðast hafa jákvæð áhrif fyrir ýmsa minnihlutahópa og einstaklinga sem eru í erfiðri stöðu félagslega, en það var ekki sama sagan með söfn í dreifbýli. Mun fleiri fátækir nýttu sér bókasöfn í þéttbýli en í dreifbýli enda buðu þau upp á fleiri viðburði sem höfðu til breiðari hóps fólks sem telst í minnihluta, eins og innflytjenda, fátækra og ólæsra. Rannsóknir Griffis og Johnson leiddu einnig í ljós að þátttaka fólks í dreifbýlissamfélögum sem voru skoðuð var almennt töluverð og félagsleg tenging náði langt út fyrir bókasafnið sjálft í gegnum ýmis konar félagsstarf. Bókasafnið er því ekki jafn mikilvægt þeim í félagslegum tilgangi og öðru fólki með minni félagslegar tengingar (Griffis og Johnson, 2014). Þetta vekur umhugsun um hvort þeir sem hafa hærra menningarauð nýti bókasöfn frekar en þeir sem hafa lægri menningarauð. Rannsókn Aabø, Audunson og Vårheim á þremur bókasöfnum í Noregi styður þá hugmynd en í rannsókn þeirra kom í ljós að almenn samfélagsleg þátttaka hafði áhrif á notkun fólks á almenningsbókasöfnum, því meiri sem þátttakan er því meira notar fólk bókasöfn. Rannsóknin var gerð í þeim tilgangi að finna út hvernig þau eru notuð sem staðir til að hittast á og af hverjum. Niðurstöður þeirra voru þær að almenningsbókasöfn eru notuð fyrir fundi eða samskipti af ýmsu tagi og eru margslungin sem staðir. Bókasafnið virðist vera öruggt umhverfi en höfundar taka fram að bókasöfnin sé ekki hægt að skilgreina eingöngu sem þriðja staðinn vegna þess að fjölskyldur séu einnig að nota þau sem framlengingu af heimilinu og aðrir nota bókasöfnin í vinnuerindum (Aabø, Audunson og Vårheim, 2010).

1.6. Menningarlegt forræði

Menningarhús er orð dagsins hjá stórum hluta bókasafnaheimsins. Hingað til hafa menningarhús ekki verið tengd við almenningsbókasöfn með áberandi hætti hér á landi en stór breyting varð þó á þegar Borgarbókasafn Reykjavíkur tók upp fornaefnið Menningarhús í kjölfar sameiningar Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs um áramótin 2014-2015 (Signý Pálsdóttir, 2015). Eins og fram hefur komið ber almenningsbókasöfnum skylda samkvæmt lögum til að jafna aðgengi að menningu og þekkingu (Bókasafnalög nr. 150/2012), en það er í höndum þeirra sem stjórna bókasöfnunum að túlka hvað sé menning,

hvaða menningu eigi að veita aðgengi að, hvað er keypt inn af safnkosti og hvernig framsetning menningar og þekkingar er innan safnanna. Þó stefna sé vafalítið mörkuð um flesta þætti starfseminnar er um mjög huglægt mat að ræða.

1.6.1. Hegemony

Antonio Gramsci segir að yfirburðir tiltekinnar stéttar sýni sig á tvo vegu, annars vegar sem drottun og hins vegar sem vitsmunalega og siðferðislega forystu. Það er að segja, yfirburðastéttin annað hvort drottinn eða leiðir (Gramsci, 1971). Staða hinna leiðandi stétta er ekki eingöngu tryggð gegnum framleiðslu, líkt og marxískar kenningar boða þegar talað er um að sá sem „ræður yfir tækjum til efnislegrar framleiðslu, hefur tæki andlegrar framleiðslu um leið“ (Engels og Marx, 1946/1983), heldur einnig hugmyndafræðilega gegnum forræðismenningu sem kemur áhuga, gildum og heimssýn stéttanna á framfæri sem hinni almennu skynsemi samfélagsins (Deodato, 2013). Gramsci er einnig þekktur fyrir að fjalla um „menntamennina“ (e. intellectuals). Þær hugleiðingar er hægt að yfirfæra á margt en í samhengi við almenningsbókasöfn er áhugavert að velta þeim fyrir sér í sambandi við menningarlegt forræði bókasafnanna og þeirra sem þar starfa. Hann segir að allir frumkvöðlar, eða að minnsta kosti elítan meðal þeirra, verði að hafa getu til að skipuleggja samfélagið með öllum þeim flóknu þáttum sem tilheyra þjónustu, til að skapa kjöraðstæður til að stækka sína eigin stétt (Gramsci, 1971). Þetta er í takt við það sem Joseph Deodato fjallar um í grein sinni „The patron as producer: libraries, web 2.0, and participatory culture“ um bókasöfn sem fulltrúa menningarlegs forræðis og segir að þau skipuleggi ekki eingöngu þekkingu heldur smíði hana líka. Deodato fjallar um þátttökumenningu með aðstoð Web 2.0 tækni sem mótvægi við menningarlegt forræði, þar sem notendur breyta hegemonísku bókasafni, sem er stjórnað með hefðbundnum valdastiga, í stofnun sem sýnir meiri margbreytni í tjáningu og framsetningu með breiðri þátttöku notenda (Deodato, 2013). Web 2.0 og Library 2.0 eru nátengd hugtök í upplýsingafræði og eiga hvoru tveggja við þann tæknilega veruleika sem við búum við í dag. Fólk er ekki lengur eingöngu neytendur sem taka við því sem netið býður upp á heldur nýtir það á gagnvirknan hátt og tekur þátt í að skapa það sem boðið er upp á. Dæmi um það eru samfélagsmiðlar, forrit og annar búnaður í opnum aðgangi, samvinna og sameiginleg geymsla á drifum og í skýjum. Alla þá möguleika sem Web 2.0 og Library 2.0 bjóða

upp á geta bókasöfn nýtt sér til að bæta þjónustuna og gera hana þátttökumiðaðri (Deodato, 2013).

1.6.2. Almenningsbókasöfn, menningarhús og valin menning

Þó almenningsbókasafn sem menningarhús sé nýlegt fyrirbæri á Íslandi er það ekki nýtt að hið opinbera hlutist til um hvar skuli boðið upp á menningu. Sveitarfélögin reka bókasöfnin en ríkið hefur einnig lagt sitt af mörkum við að koma upp menningarhúsum og auðvelda aðgengi að menningu. Með misjöfnum árangri þó. Árið 1999 ákvað ríkisstjórn Íslands að leggja til fé til bygginga menningarhúsa á landsbyggðinni. Hugmyndin með verkefninu var að draga úr fólksflutningum, en rannsóknir höfðu meðal annars sýnt að ein ástæða slíkra fólksflutninga væri skortur á menningarlífi (Arnar Árnason og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2011). Í skýrslu Stefáns Ólafssonar fyrir Byggðastofnun um búsetu á Íslandi kemur fram að huglægt mat almennings í einstökum byggðalögum sé það sem stýri byggðaþróuninni að miklu leyti. Hugarfar hefur oft og tíðum meira að segja um orsakir búferlaflutninga en atvinnuástand og er aðgengi að menningu einn þáttur sem hefur áhrif í því samhengi (Stefán Ólafsson, 1997). Þessari hugmynd ríkisins um menningarhús var af sumum tekið sem birtingarmynd þeirrar þarfar stjórnmalamanna að reisa sér minnisvarða; menningarhús sem hýsa ríkismenningu og lenda síðan á sveitarfélögum viðkomandi staða, sem mörg hver hafa ekki fjármagn til að reka menningarhúsin áfram (Arnar Árnason og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2011). Með menningarhúsum síðustu aldamóta var hugmyndin sú að færa menningu til landsbyggðarinnar, sem er ein útgáfa þess að færa almenningi menningu á silfurfati, samanber grein Tony Bennett „The multiplication of culture’s utility“, þar sem hann fjallar um aðgerðir hins opinbera sem er ætlað að betrumbæta almenning með því að veita honum aðgengi að menningu (Bennett, 1998).

Það er spurning hvort sveitarfélög séu betur í stakk búin að reka almenningsbókasöfn sem menningarhús frekar en þau menningarhús sem ríkið færði þeim, enda virðast fæst þeirra gera það í dag fyrir utan Reykjavíkurborg. Skot-Hansen, Rasmussen og Jochumsen (2013) segja að almenningsbókasöfn sem menningarhús verði að hafa upp á eitthvað sérstakt að bjóða ef þau vilja verða hluti af því sem gerir samfélagið að eftirsóknarverðum búsetukosti. Þegar vel tekst til geta bókasöfnin orðið samfélagsleg innspýting, sem draga fram einkenni og samheldni staðarins, hafa jákvæð áhrif á félags- og efnahagslega þætti og hvetja til frumkvæðis, sköpunar

og samstarfs innan samfélagsins. Ágúst Einarsson tekur í sama streng þegar hann segir að menningarleg framleiðsla geti verið mikilvægur þáttur byggðastefnu og auki fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni (Ágúst Einarsson, 2012).

Þetta er falleg mynd og gefur umræðu um bókasöfn sem mikilvægar stofnanir út frá sjónarhóli byggðapólitíkur aukið vægi. Hún virðist þó ekki vera komin á flug og má telja að töluverð stöðnun ríki hjá litlum bókasöfnum á landsbyggðinni ef miðað er við þau bókasöfn sem höfundur þekkir til. Þegar litið er til heimilda og almennrar umræðu innan greinarinnar sést að stærri íslensk samfélög eru lengra komin og stór samfélög erlendis enn lengra. Í mörgum erlendum borgum hefur verið farið í miklar framkvæmdir sem miða að því að auka samkeppnishæfni borganna hvað varðar íbúafjölda og fjölda þeirra sem heimsækja borgirnar í ýmsum tilgangi. Skipulagið gengur út á upplifun, sköpun, eitthvað nýtt og spennandi þar sem oft og tíðum er lagst í það að endurskipuleggja niðurnídd hverfi og þau ganga í endurnýjun lífdaga. Dæmi um það eru iðnaðarhverfi og hafnarsvæði. Stór hluti af þessum verkefnum er að skapa vettvang fyrir menningu af ýmsum toga og þá verður gjarnan fyrir valinu að byggja, eða endurbyggja, hús sem fá hlutverk bókasafna og menningarmiðstöðva. Þar sem vel tekst til verða þessar byggingar oft að einkennum borganna og það sem íbúar sameinast um að vera stoltir af (Skot-Hansen, Rasmussen og Jochumsen, 2012). Í grein um hlutverk bókasafna í endurvakningu borga, sem er leidd af menningarsjónarmiðum, kemur fram að í grunninn sé um ræða þrennt þegar kemur að verkefnum sem valda byltingu af þessu tagi:

- Menningarleg tákni (e. icon) og kennileiti
- Skipulag og sjálfsmýnd
- Styrking samfélagsins

Þau menningarlegu tákni og kennileiti sem hér um ræðir eru byggingar sem vekja athygli fyrir hönnun og starfsemi. Oft og tíðum eru það byggingar sem eru verðlaunaðar fyrir arkitektúr og verða þannig að enn sterkara tákni. Í þessu samhengi er áhugavert að velta fyrir sér hvað og hver veldur því hvað verður að menningarlegu tákni fyrir heila borg, hver hefur menningarlegt forræði þar?

1.6.3. Menningarstjórnun almenningsbókasafna

Í greininni „The four spaces – a new model for the public library“ segja höfundar að þrátt fyrir spár um fyrirsjáanlegan dauðdaga almenningsbókasafna séu þau þvert á móti í sókn en notkunin hefur breyst. Stór hluti notenda bókasafna í dag heimsækja þau án þess að fá nokkuð lánað. Safnkosturinn þarf ekki að vera gríðarmikill, heimsóknin snýst orðið meira um að njóta rýmisins á ýmsa vegu og upplifa það sem er í boði á staðnum. Höfundar greinarinnar hönnuðu módel sem er víða notað við stefnumótun bókasafna og byggir á fjórum meginstoðum; þátttöku, nýsköpun, sjálfseflingu og þekkingu/reynslu (Jochumsen, Rasmussen og Skot-Hansen, 2012). Allt byggir þetta á upplifun og þátttöku notenda, þeir eru ekki lengur hlutlausir þiggjendur þjónustu heldur taka einnig þátt í að skapa og þróa. Eins og sést á þessu hefur starfssvið almenningsbókasafna breyst í takt við breyttan tíðaranda og þau bókasöfn sem vilja lifa góðu lífi verða að taka þátt í þeim breytingum.

Með þessum breytingum á starfseminni breytast einnig störf upplýsingafræðinga og annarra starfsmanna bókasafnanna. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður er til dæmis með meistaragráðu í menningarstjórnun og segist gjarnan vilja fá fleira fólk til starfa með álíka menntun (Pálína Magnúsdóttir, munnleg heimild, 20. nóvember 2015). Það er ekki undarlegt þegar litið er til breytts hlutverks safnsins en eftir sameiningu Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs er nú starfrækt sérstök deild innan safnsins sem ber ábyrgð á viðburðum, fræðslu, sýningum og miðlun. Útibú safnsins eru kölluð menningarhús með staðsetningu þeirra á eftir, svo sem Menningarhús Árbæ og Menningarhús Kringlu (Pálína Magnúsdóttir, munnleg heimild, 20. nóvember 2015). Upplýsing, fagfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, gerði nýverið samning við Símenntun Háskólans á Bifröst um símenntun félagsmanna sinna og fyrsta námskeiðið sem var kennt er menningarstjórnun (Upplýsing, 2015). Það vekur spurningu um hvort það sé hafin þróun í þá átt að Bifröst muni framleiða menningarstjórnendur fyrir bókasöfn á færbandi í nafni símenntunar og hvort almennir starfsmenn bókasafna vilji fara í þessa átt. Hugsanlega er þetta nýjasta vinsældabólan sem allir munu elta eða rökrétt framhald á þróun sem er þegar hafin. Ýmsar spurningar vakna varðandi þá þróun í sambandi við kenningar um menningarlegt forræði, til dæmis um hver ákveði að bókasafn eigi að vera menningarhús en ekki nýsköpunarhús með áherslu á tækni, eða einfaldlega bókasafn sem heitir bókasafn.

Það liggur alla vega í augum uppi að einhæfni er ekki af hinu góða og ábyrgð starfsfólks almenningsbókasafna er mikil þegar kemur að þróun þjónustunnar. Rannsóknir á nokkrum smærri bandarískum bókasöfnum sýndu að þjónusta þeirra var aðallega miðuð að hvítu, enskumælandi miðstéttafólki í samfélagi sem er að miklu leyti enskumælandi en ekki eingöngu. Starfsmenn bókasafnanna virtust ekki leggja sig fram við að fara út fyrir þann markhóp, þeir reyndu ekki að finna út hvaða þjónustu aðrir samfélagshópar myndu vilja nýta á bókasöfnunum en starfsemin felst einna helst í bókaklúbbum og barnastarfi. Sú starfsemi virtist falla vel í kramið hjá stærsta notendahópnum og þá er líklegt að starfsmennirnir telji að þjónustan sé einmitt eins og samfélagið vill hafa hana (Griffis og Johnson, 2014). Þetta er dæmi um neikvæða birtingarmynd menningarlegs forræðis bókasafna.

2. Vesturbyggð

Vesturbyggð er sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum sem varð til við sameiningu fjögurra hreppa árið 1994. Til sveitarfélagsins teljast þorpin Patreksfjörður og Bíldudalur ásamt sveitum þar um kring (Vesturbyggð, e.d.). Sveitarfélagið nær yfir stórt landsvæði, 1.339 ferkílómetra, og er verulega strjálbýlt með færri en einn íbúa á hvern ferkílómetra (Halldór V. Kristjánsson og Sigríður K. Þógrímsdóttir, 2008). Eftir viðvarandi fólksfækkun í rúm þrjátíu ár hefur þróunin snúist við og frá árinu 2011 hefur fjölgað í sveitarfélaginu, í lok árs 2015 bjuggu 1.010 manns í Vesturbyggð (Hagstofan, e.d.). Á sama tíma hefur innflytjendum fjölgað töluvert og eru núna um 13% íbúa, flestir þeirra búa á Patreksfirði og er hlutfallið hæst þar. Innflytjendurnir eru af hátt í tuttugu þjóðernum en fjölmennustu hópar innflytjenda í Vesturbyggð eru frá Póllandi og Portúgal, langflestir þeirra vinna við fiskvinnslu (Bryndís Sigurðardóttir og Neil Shiran K. Þórisson, 2015). Við þá miklu fólksfækkun sem átti sér stað varð til ójafnvægi í aldursskiptingu íbúa sveitarfélagsins og er það ójafnvægi enn til staðar, meðalaldurinn er hærri en eðlilegt telst og hlutfall eldri borgara hátt miðað við önnur sveitarfélög (Bryndís Sigurðardóttir og Neil Shiran K. Þórisson, 2015).

Tilkoma háhraða internettengingar gefur íbúum dreifbýlis ýmsa möguleika, svo sem til náms, sem margir nýta sér. Ekki fundust heimildir sem segja til um nákvæman fjölda fjarnema í sveitarfélaginu en upplýsingar um fjölda fjarnema sem taka próf á viðurkenndum prófstað er vísbending. Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Patreksfirði sinnir háskólanemum sem þurfa að taka próf, en Fjölbrautaskóli Snæfellinga á Patreksfirði sinnir nemendum á framhaldsskólastigi. Þessar tvær stofnanir eru með starfsstöðvar í sama húsi og sameiginlegur starfsmaður sér um prófahald og annað sem snýr að fjarnemum fyrir báðar stofnanir. Samkvæmt upplýsingum frá þeim starfsmanni eru það á bilinu 15-30 manns sem taka próf á hverri önn (Anna Vilborg Rúnarsdóttir, munnleg heimild, 22. október 2015.). Ekki taka allir fjarnemar próf á skilgreindum prófstað og er því ljóst að fjarnemar á svæðinu eru fleiri en þeir sem taka próf hjá fræðslumiðstöðinni og fjölbrautaskólanum.

2.1. Þjónusta bókasafna Vesturbyggðar

Höfundur hefur notað bókasafnið á Patreksfirði í tæp fjörutíu ár og fengið að vinna þar að verkefnum tengdum námi í upplýsingafræði, svo sem verkefni sem varð að vinna í bókasafnskerfi Gegnis. Höfundur gerði einnig vefsíðu fyrir safnið en hún hefur aldrei verið tekin í notkun þar sem innihald síðunnar er að miklu leyti framtíðarsýn varðandi þá þjónustu sem höfundur myndi vilja sjá á bókasafninu. Þar að auki vann höfundur í hlutastarfi á bókasafninu um nokkra vikna skeið haustið 2015. Sú vinna fólst aðallega í aðstoð við forstöðumann bókasafnsins, svo sem að endurraða í hillum. Þessi kafli er því byggður á eigin þekkingu á safninu á Patreksfirði og heimsókn á bókasafnið á Bíldudal til að skoða safnkostinn. Aðrar heimildir um bókasafnið á Bíldudal eru frá Elsu Reimarsdóttur, þeim deildarstjóra Vesturbyggðar sem bókasöfnin heyra undir.

Núverandi þjónusta bókasafna Vesturbyggðar felst nærri eingöngu í útlánum á bókum og tímaritum. Lítið er til af efni á öðru formi, svo sem hljóðbókum og DVD myndum og ekkert af rafbókum. Ekki hefur verið keypt efni á öðrum tungumálum en íslensku í mörg ár, safnkosturinn á erlendum tungumálum samanstendur af bókum á ensku og dönsku, þeim nýjustu frá níunda áratug síðustu aldar. Nokkuð er til af alfræðisöfnum á ensku, til dæmis um tækni og vísindi, en þau eru nærri öll margra áratuga gömul og úrelt. Engin tímarit eru til á öðrum tungumálum en íslensku. Ein tölva ætluð til notkunar fyrir gesti er til á bókasafninu á Patreksfirði en hún virðist sjaldan eða aldrei notuð, engin tölva til almenningsnota er á safninu á Bíldudal. Annað sem flokkast til nútímataækni er ekki til, bókasöfnin eru ekki með vefsíður en safnið á Bíldudal er með Facebooksíðu, þar er þó ekki sjáanleg virkni nema í mesta lagi mánaðarlega. Á vefsíðu Vesturbyggðar er sérstök síða fyrir bókasöfnin þar sem er að finna upplýsingar á borð við heimilisföng, símanúmer og opnunartíma. Þar kemur einnig fram að hægt sé að fá aðgang að tölvu og kaupa geisladiska til að vista verkefni á, ólíklegt er að þetta séu vinnubrögð sem tíðkast í dag og þetta eru því úreltar upplýsingar. Á vefsíðunni segir að bókasöfn Vesturbyggðar séu rekin samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn frá árinu 1997 (Vesturbyggð, e.d). Ný bókasafnalög voru sett árið 2012 (Bókasafnalög nr. 150/2012).

Engar skriflegar stefnur eru til um starfsemi bókasafnanna; um uppbyggingu safnkosts, innkaupa- eða grisjunarstefnu á bókasöfnunum, eða stefnu um hvort og með hvaða hætti taka skuli á móti bókagjöfum. Bókasöfnin þjóna einnig hlutverki skólabókasafna en ekki er til

formlegur samningur um samstarf þar á milli, kennarar grunnskólanna sjá um þá kennslu en ekki starfsmenn bókasafnanna (Elsa Reimarsdóttir, munnleg heimild, 14. október 2015). Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra á Patreksfirði er ekki heldur til formlegur samningur um þjónustu bókasafnanna við nemendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga, sem starfrækir deild í sama húsi og hýsir bókasafnið á Patreksfirði. Nemendum er þó ætlað að leita til bókasafnanna eftir aðstoð þegar þurfa þykir (Anna Vilborg Rúnarsdóttir, munnleg heimild, 22. október 2015).

Héraðsskjalasafn er ekki starfrækt í Vesturbyggð og þá er rökrétt að almenningubókasöfnin verði sú stofnun sem íbúar líta á sem þá einu sem getur tekið við efni sem ætti heima á héraðsskjalasafni. Þá er hætta á að pláss sem ætlað er undir bækur eða annað efni bókasafnsins fari undir skjöl, fyrir utan tíma starfsfólks sem einnig er hugsaður í annað.

Starfshlutfall forstöðumanns bókasafnsins á Patreksfirði er 75% og safnið er opið í samtals fjórtán klukkustundir á viku, þrjá virka daga frá klukkan 14-18 og eitt kvöld frá klukkan 19:30-21:30. Bókasafnið á Bíldudal er opið samtals fjórar klukkustundir á viku, tvo virka daga frá klukkan 15-17, starfshlutfallið þar er því ekki nema milli tíu og tuttugu prósent. Núverandi forstöðumenn bókasafnanna hafa ekki menntun í upplýsingafræði og sveitarfélagið hefur aldrei auglýst eftir upplýsingafræðingi til starfa (Elsa Reimarsdóttir, munnleg heimild, 14. október 2015).

2.2. Þjónusta við innflytjendur

Eins og áður segir eru 13% íbúa Vesturbyggðar erlendir ríkisborgarar, langflestir frá Póllandi. Hingað til hefur ekki verið tekið tillit til þessa hóps íbúa við innkaup á bókasöfnunum eða leitast eftir því að fá lánað efni á öðrum tungumálum en íslensku frá þeim bókasöfnum á landinu sem eiga það til (Elsa Reimarsdóttir, munnleg heimild, 14. október 2015), svo sem Bókasafni Selfoss, sem er móðursafn á Íslandi fyrir pólskar bækur. Vert er að taka fram að upplýsingar um móðursöfn erlendra tungumála liggja ekki á lausu og ekki sjálfgefið að starfsmenn bókasafna sem vinna örfáa klukkutíma á viku viti af þessum möguleika. Höfundur frétti af móðursafni pólskra bóka á Bókasafni Selfoss fyrir tilviljun hjá samnemanda í upplýsingafræði og þurfti að leita töluvert á netinu til að finna upplýsingar um móðursöfnin. Á gamalli vefsíðu Bókasafns Selfoss er sagt frá móðursafni pólskra bóka í einni setningu en það er hvorki nefnt á núverandi vefsíðu bókasafnsins eða Facebooksíðu þess. Líklegt er að hugmyndin um

móðursöfn erlendra tungumála sé tilkomin hjá Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna en samkvæmt lista yfir aðildarsöfn eru hvorki bókasafnið á Patreksfirði né Bíldudal meðlimir samtakanna (Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, e.d.).

2.3. Mikilvægi upplýsingaþjónustu

Eitt af hlutverkum bókasafna er að veita upplýsingaþjónustu (Bókasafnalög nr. 150/2012), mikilvægt er að þeim sem ekki eru vel upplýsingalæsir standi sú þjónusta raunverulega til boða og að henni sé faglega staðið. Upplýsingaþjónusta og aðstoð við heimildaleit er einnig mikilvægur þjónustubáttur í samfélagi þar sem margir íbúar stunda fjarnám og þar talar höfundur út frá eigin reynslu sem fjarnemi. Ekki er um neina fagþekkingu í upplýsingafræði að ræða á bókasöfnum Vesturbyggðar og því erfitt að veita faglega upplýsingaþjónustu, sama hvort það er fyrir framhaldsskólanema, háskólanema og aðra í heimildaleit og heimildavinnu, eða hópa sem þurfa aðstoð við að læra hvernig skal bera sig að við að nýta rafræna þjónustu stofnana og fyrirtækja. Í Vesturbyggð eru þeir hópar einna helst innflytjendur og eldri borgarar.

Eins og fyrr segir benda rannsóknir til að þess að innflytjendur nýti að miklu leyti sitt tengslanet og internetið við að afla sér upplýsinga um hið nýja samfélag (Lu, 2007). Rannsóknir benda einnig til þess að bókasöfn og skipulögð verkefni á þeirra vegum geti verið góður vettvangur fyrir innflytjendur til að kynna sín nýja samfélagi (Johnston, 2016). Það ætti því að vera öllu samfélaginu í hag að bæta þá þjónustu sem stendur þessum hópi í búa til boða.

Meðalaldur íbúa sveitarfélagsins er hærri en algengast er hjá sveitarfélögum utan Vestfjarða, á meðan yngri aldurshópar standa í stað eða að það fækkar innan þeirra fjölgar í hópi íbúa 51 árs og eldri. Mest er fjölgunin í aldurshópnum 61-70 ára en það er sá hópur sem er að hætta störfum og fara á eftirlaun (Bryndís Sigurðardóttir og Neil Shiran K. Þórisson, 2015). Þessi tiltekni hópur fólks og þeir sem eldri eru eiga oft og tíðum erfitt með að fóta sig í heimi þar sem færast í vöxt að upplýsingar og þjónusta er helst að finna á netinu, og verða þá að treysta á aðstoð sinna nánustu. Mörgum þessara einstaklinga reynist erfitt að þurfa að treysta á ættingja og finnst þeir vera til ama (Ágústa Pálsdóttir, 2012). Það er líklegt að hluti eldri borgara myndi nýta sér upplýsingaþjónustu bókasafnanna, væri hún til staðar, og halda þannig sínu sjálfstæði og sjálfsvirðingu. Notkun samfélagsmiðla til að halda sambandi við afkomendur sína er ein ástæða þess að eldra fólk vill nota netið (Ágústa Pálsdóttir, 2012) og kennsla í

notkun samfélagsmiðla er gott dæmi um verkefni sem upplýsingaþjónusta bókasafna getur sinnt.

Hvergi kemur neitt fram um upplýsingaþjónustu hjá sveitarfélaginu og engin stefna er til fyrir þjónustuna (Elsa Reimarsdóttir, 2015). Þó bókasöfn Vesturbyggðar myndu marka sér stefnu hvað varðar upplýsingaþjónustu dugir það ekki til þegar starfsfólk bókasafnanna hefur hvorki tækni- né fagþekkingu til að standa undir þjónustunni. Ekki er mikill hvati að því fyrir starfsfólk að sækja endurmenntun og námskeið ef aldrei hefur verið rætt um upplýsingaþjónustu sem hluta af þjónustu bókasafnanna. Í samantekt ALA um skilgreiningar á upplýsingaþjónustu er ljóst að þekking og hæfni starfsfólks er algjört lykilatriði þegar kemur að því að veita þjónustuna (ALA, 2008). Það myndi ekki breyta neinu þó tækjabúnaður og aðstaða bókasafnanna yrðu bætt ef enginn er til staðar sem getur miðlað upplýsingum til þeirra sem hafa þörf fyrir þær. Starfsmaðurinn á að hafa forskot á þann sem leitar til hans eftir aðstoð við upplýsingaleit vegna þess að hann þekkir þau kerfi og miðla sem notast er við (Taylor, 1968). Í grein Cassell og Hiremath um grundvallar leitartækni kemur fram að allir bókaverðir sem veita upplýsingaþjónustu (e. reference librarians) geti orðið góðir í upplýsingaleit, ef þeir vinna meðvitað að því að bæta hæfnina í markvissri leit (Cassell og Hiremath, 2006). Allt er þetta í takt við þær siðareglur sem íslenskir upplýsingafræðingar vinna eftir. Þeir aðstoða fólk við þekkingar- og upplýsingaleit án tillits til forms þeirra gagna sem um ræðir og safna, varðveita, skipuleggja og miðla gögnum á faglegan og markvissan hátt (Upplýsing, 2007).

Miðað við það sem hér hefur komið fram um þjónustu bókasafna Vesturbyggðar er ljóst að þau hafa ekki fylgt þeirri þróun sem hefur almennt orðið á þjónustu og starfsemi almenningsbókasafna. Sveitarfélagið hefur tækifæri til að bæta úr því og byggja upp þjónustu sem kemur öllum íbúum Vesturbyggðar að gagni, burtséð frá uppruna, aldri eða búsetu innan sveitarfélagsins.

3. Rannsóknin

Hér verður sagt frá því hvernig rannsóknin var hönnuð, hvert var markmiðið með henni, hvaða rannsóknarspurningum var leitast við að svara og hvernig svaranna var aflað. Einnig er greint frá þátttakendum rannsóknarinnar og framkvæmd hennar.

Við rannsóknina voru notaðar meginlegar rannsóknaraðferðir, þær urðu fyrir valinu vegna þess að tilgangur rannsóknarinnar er að ná fram viðhorfum sem flestra sem mynda þýðið og til að geta dregið ályktanir um viðhorf heildarinnar. Þar fyrir utan er afar lítið fræðilegt efni til um smærri bókasöfn á Íslandi. Af þeirri ástæðu varð einnig að leita til nokkurra einstaklinga eftir upplýsingum munnlega en ekki var um formleg viðtöl samkvæmt eigindlegum rannsóknaraðferðum að ræða. Það gefur verkefninu aukið vægi að nýta rannsóknaraðferðir sem eru lítið notaðar af nemum sem eru að vinna meistaraverkefni og að fjalla um málefni sem afar lítið hefur verið til umræðu, hvoru tveggja mun verða til að efla þekkingu á efninu og sýna fram á bæði hagnýtt og fræðilegt gildi verkefnisins.

Meginlegar aðferðir henta þegar rannsakendur vilja til dæmis alhæfa frá úrtaki yfir á þýði, leita eftir heildaryfirliti yfir þann hóp sem er til skoðunar og setja fram lýsandi niðurstöður. Með meginlegum aðferðum er hægt að mæla nákvæmlega á tölfræðilegan hátt og vinna niðurstöður á ýmsa vegu úr þeim gögnum sem safnað er (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Í tilfelli þessarar rannsóknar er til dæmis hægt að bera sérstaklega saman aldur svarenda og notkun bókasafnanna, eða búsetu innan sveitarfélagsins og ánægju með bókasöfnin. Oftast nær er tekið úrtak úr því þýði sem er til rannsóknar en hér var ákveðið að senda könnunina til allra í þýðinu til að auka líkurnar á góðri svörun.

Við hönnun og framkvæmd rannsóknarinnar var mikilvægt að skilgreina þá hópa í samfélaginu sem líta má á sem hagsmunahópa, eða jafnvel markhópa, og leita leiða til að ná fram viðhorfum hvers hóps fyrir sig. Sá hópur sem var talið einna mikilvægast að fá upplýsingar um eru innflytjendur.

3.1. Tilgáta, markmið og rannsóknarspurningar

Tilgáta og markmið voru ákveðin í samráði við bæjarstjóra Vesturbyggðar en þar sem rannsóknin er unnin í samráði við sveitarfélagið var talið nauðsynlegt að eiga samtalið við bæjarstjóra og fá upplýsingar um hvað sveitarfélagið vildi fá út úr rannsókninni. Skoðanir bæjarstjóra samræmdust vel þeim hugmyndum sem höfundur hafði gert sér um rannsóknina og ekki var um neina árekstra að ræða.

Tilgáta rannsóknarinnar er sú að íbúar Vesturbyggðar vilji betri og fjölbreyttari þjónustu bókasafna sveitarfélagsins.

Markmið rannsóknarinnar er að fá fram skoðanir íbúa sveitarfélagsins í þeim tilgangi að nýta þær upplýsingar við stefnumótun varðandi framtíðarþjónustu bókasafnanna. Til að fá fram viðhorf íbúanna er spurt að því hversu mikið fólk noti söfnin, hvort það er ánægt með þjónustuna, hvað kemur í veg fyrir að það noti bókasöfnin og hvernig þjónustu fólk vill.

Rannsóknarspurningarnar eru tvær:

- 1) Hver er núverandi afstaða íbúa Vesturbyggðar til bókasafna sveitarfélagsins?
- 2) Hvaða þjónustupætti telja íbúarnir að leggja eigi áherslu á við framtíðarþróun bókasafnanna?

Til að leita svara við fyrri rannsóknarspurningunni er kannað hversu mikið íbúarnir nota bókasöfnin, ánægju þeirra með þá þjónustu sem þeir nýta og hvað kemur í veg fyrir að íbúarnir noti þjónustuna. Leitast er eftir að finna svar við seinni rannsóknarspurningunni með því að spyrja íbúana hvaða þjónustupætti þeir myndu nýta ef þeir væru í boði og eru ýmsir þjónustupættir listaðir upp. Sumir þeirra eru í boði nú þegar en flestir ekki. Upplýsingar um það af hverju íbúarnir nota bókasöfnin ekki gefa einnig vísbendingu varðandi seinni spurninguna.

3.2. Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni eru allir íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu Vesturbyggð fæddir árið 1998 og eldri, samkvæmt tölum á vef Hagstofunnar eru íbúar sveitarfélagsins 18 ára og eldri 796 talsins árið 2016 (Hagstofan, 2016). Upplýsingar um nöfn, fæðingarár og heimilisföng

voru fengnar úr íbúaskrá Vesturbyggðar frá 1. desember 2015 og sendir voru út samtals 713 spurningalistar. Sá fjöldi er ekki fullkomlega í samræmi við íbúafjölda á þessum aldri samkvæmt tölum Hagstofunnar en þær tölur eru nýrri en tölur Vesturbyggðar og fjölgað hefur í sveitarfélaginu að undanfögnu. Spurningalistarnir voru sendir út á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku og í þrjú póstnúmer; 450 Patreksfjörður, 451 dreifbýli og 465 Bíldudalur. Ekki eru til upplýsingar um það hvert er upprunaland hvers og eins innflytjanda og var gripið til þess ráðs að fá aðstoð frá starfsmönnum tveggja stærstu fiskverkunarfyritækjanna á svæðinu við að fara yfir íbúalistann. Með því móti var hægt að finna út með vissu á hvaða tungumáli ætti að senda könnun til langflestra á íbúalistanum. Meirihluti innflytjanda fékk lista á einu tungumáli en þar sem vafi lék á upprunalandi voru sendir listar á öllum tungumálum, það voru mjög fá tilfelli eða innan við tíu.

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Persónuverndar þarf ekki leyfi nefndarinnar fyrir rannsókninni ef þátttaka svarenda byggist á samþykki þeirra (Persónuvernd, 2006). Þess var gætt að nákvæmar útskýringar fylgdu spurningalistanum svo þátttakendum væri fullkomlega ljóst að um nafnlausu könnun væri að ræða, hvernig svörin verða notuð og að þeim væri frjálst að taka ekki þátt. Ekki er talin hætta á neinum siðferðislegum álitamálum. Kynningarbréfið og spurningalistann má sjá sem viðauka á blaðsíðu 75.

Þar sem mikilvægt var talið að fá fram viðhorf innflytjenda var spurningalistinn þýddur á ensku og pólsku og því sendur út á þremur tungumálum. Til að minna á verkefnið og auka líkurnar á góðri svörum var birt frétt á vefsíðu og Facebooksíðu Vesturbyggðar og verkefnastjórar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á Patreksfirði sendu kynningarpóst á sína almennu póstlista. Þessar leiðir ná eingöngu til íslenskumælandi fólks og þurfti því að grípa til annarra ráða í þeim tilgangi að ná til innflytjenda. Það þótti líklegast til árangurs að óska eftir beinni aðstoð íslenskumælandi Pólverja og var sérstaklega rætt við nokkra íbúa af pólskum uppruna sem tala það góða íslensku að hægt væri að útskýra verkefnið vel fyrir þeim. Það voru starfsmaður á leikskóla, starfsmaður í íþróttamiðstöð og starfsmaður í frystihúsi, allt einstaklingar sem hitta margt fólk í sínum daglegu störfum. Þau sögðu frá verkefninu á sínum vinnustöðum og í sínum kunningjahópum og bentu á mikilvægi þess að taka þátt í könnunum af þessu tagi. Auðveldara var að ná beint til innflytjenda sem tala ensku, þar er aðallega um að ræða Portúgali sem hafa aðlagast samfélaginu mun betur en Pólverjar og eiga jafnvel íslenska maka.

3.2.1. Bakgrunnur þátttakenda

Spurningar 1-7 snúa að bakgrunnsupplýsingum sem varpa ljósi á svarendahópinn. Hér verður farið yfir þær upplýsingar sem fengust og þær bornar saman við opinber gögn sem snúa að sömu þáttum í þeim tilgangi að kanna hvort samræmi sé þar á milli. Spurningarnar eru um kyn, aldur, búsetu innan sveitarfélagsins, fjölda barna á heimili, atvinnuþátttöku og menntunarstig. Einnig er sagt frá svarhlutfalli eftir því á hvaða tungumáli var svarað. Gögnin til samanburðar eru aðallega tölfræðileg gögn frá Hagstofunni. Innsendir spurningalistar eru 166 talsins sem gerir heildarsvörun upp á 23,15%.

Kyn

Heldur fleiri konur en karlar svöruðu könnuninni, eða tæp 60% kvenna á móti rétt rúmum 40% karla. Það er ekki í samræmi við kynjaskiptingu innan sveitarfélagsins þar sem karlar eru fleiri en konur, 51,7% karla á móti 48,3% kvenna (Hagstofan, 2016).

Aldur

Spurt var um fæðingarár og gefur það mjög nákvæmar niðurstöður en erfitt er að vinna með svo mörg svör ef skoða á aldur í samhengi við aðrar breytur. Til að auðvelda þá vinnu var aldrinum skipt niður í fjögur aldursbil; 18-25 ára, 26-40 ára, 41-59 ára og 60-91 árs. Þessi skipting gefur ekki jafn mörg ár í hverjum aldursflokki heldur er horft til þess að skipta eftir tímabilum í lífinu. 18-25 ára einstaklingar eru líklegir til að vera í námi, hugsanlega með ung börn, 26-40 ára eru einstaklingar sem eru líklega búnir að ljúka námi og eiga börn á leikskóla- og grunnskólaaldri, 41-59 ára einstaklingar eru að öllum líkindum ennþá í fullu starfi og hugsanlega með unglínga á heimilinu, elsti aldurshópurinn er allur gjaldgengur í félagsstarf eldri borgara á svæðinu, þeir yngri í hópnum ennþá í vinnu en meirihlutinn kominn á eftirlaun.

Hlutfall svara eftir aldurshópum er ekki í takt við hlutfall þýðisins eftir aldurshópum og er greinilegur munur á svörun þeirra sem yngri og eldri eru. Yngsti hópurinn er tæp 17% þýðisins en rúm 10% af svarendum, í næsta aldurshópi eru rúm 24% þýðisins en tæp 17% svarenda. Í aldurshópnum 41-59 ára eru tæp 33% heildarinnar en 38% svarenda, í elsta aldurshópnum eru 26% þýðisins en 35% hópsins eru svarendur.

Ef aldurshóparnir eru lagðir saman í einn yngri aldurshóp og einn eldri aldurshóp sést að 27% svarenda eru í tveimur yngri aldursbilunum samanlagt en þeir mynda 41% heildarinnar. Sem þýðir að í eldri hópnum eru 73% svarenda en 59% heildarinnar.

Búseta

Svarhlutfall eftir póstnúmerum var nokkuð jafnt milli byggðakjarnanna, eða 24% fyrir bæði 450 Patreksfjörð og 451 dreifbýli en svarhlutfall fyrir 465 Bíldudal var 20%. Í heildina er skipting íbúa 18 ára og eldri milli byggðakjarna í Vesturbyggð þannig að 66,5% búa á Patreksfirði, 21,6% á Bíldudal og 11,9% í dreifbýli (Hagstofan, 2016). Hlutfall innsendra svara fylgir hlutfalli íbúa ekki fullkomlega en innsend svör skiptast í 70,5% frá Patreksfirði, 16,9% frá Bíldudal og 12,7% úr dreifbýli.

Tungumál

Svarhlutfall eftir tungumálum var aftur á móti afar misjafnt, hlutfallslega var langmest skilað af listum á ensku eða 42% af útsendum listum, af listum á íslensku skiluðu sér 25% af útsendum listum en ekki nema tæp 5% af útsendum listum á pólsku. Minnst var sent út af listum á ensku og þrátt fyrir hátt svarhlutfall eru það ekki nema átta listar, fjórum listum var skilað á pólsku. Innflytjendur eru 13% íbúa Vesturbyggðar en eins og fyrr segir eru ekki til sundurliðaðar tölur eftir upprunalandi innflytjenda. Af innsendum listum voru 93% á íslensku en 7% á pólsku og ensku.

Fjöldi barna á heimili

Á heimilum rúmlega 60% svarenda búa engin börn undir 18 ára aldri, sem er í takt við aldur svarenda. Á þeim heimilum þar sem búa börn undir 18 ára aldri er fjöldi þeirra á bilinu eitt til sex, á flestum heimilum einungis eitt barn og því fleiri sem börnin eru því færri verða heimilin. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 237 börn undir 18 ára aldri í Vesturbyggð þann 1. janúar 2016, sem er 23,4% af íbúum sveitarfélagsins (Hagstofan, 2016). Ekki eru til aðgengilegar opinberar upplýsingar um fjölda barna á heimili.

Staða á vinnumarkaði

Flestir svarenda eru í fullu starfi, eða 61%, fáir eru í atvinnuleit, eingöngu 1,2%, hlutfall svarenda sem eru ekki á vinnumarkaði er 19%. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi er áætlað vinnuafli í Vesturbyggð 576 einstaklingar á aldrinum 16-69 ára. Áætlað atvinnuleysi 1. febrúar 2016 er 1,9%, sem er undir landsmeðaltali (Vinnumálastofnun, e.d.). Hlutfall svarenda í atvinnuleit er því ekki langt frá áætluðu atvinnuleysi Vinnumálastofnunar fyrir Vesturbyggð.

Menntunarstig

Ekki eru til aðgengileg og ábyggileg gögn um núverandi menntunarstig íbúa eða hversu margir stunda nám. Hér er því ekki hægt að bera upplýsingar úr rannsókninni saman við aðrar tölur.

Hlutfall síðasta námsstigs lokið er nokkuð jafnt, 25% allra svarenda höfðu eingöngu lokið skyldunámi, 21,5% iðnnámi, 17% bóklegu námi ekki á háskólastigi og 15% grunnnámi í háskóla. Tæp 10% svarenda hafa lokið framhaldsnámi í háskóla.

Þegar spurt var hvort svarendur væru í námi svöruðu 89% neitandi, af þeim sem eru í námi eru flestir í framhalds- eða menntaskóla og næst flestir í framhaldsnámi í háskóla.

3.3. Mælitæki og tölfræðiaðferðir

Rannsóknarsniðið er hreint lýsandi, spurningalisti var sendur til úrtaksins og eingöngu lagður fyrir í eitt skipti og er því um þversniðsrannsókn að ræða. Þær óháðu breytur, eða bakgrunnsbreytur sem lágu til grundvallar eru hefðbundnar lýðfræðilegar spurningar. Spurt var um búsetu eftir byggðakjörnum í sveitarfélaginu, kyn, aldur, menntun, stöðu á vinnumarkaði, síðasta námsstigi lokið og hvort viðkomandi stundi nám núna og fjölda barna á heimili.

Þær háðu breytur sem spurt var um snúa að þjónustu bókasafnanna í dag og hvernig fólk vill sjá hana í framtíðinni. Spurt var um hversu oft þjónustan er notuð, hvaða þjónustupættir eru notaðir, þar sem tilgreindir voru þeir þættir sem eru í boði í dag, sem og ánægju með þjónustuna. Þeir sem ekki nota þjónustuna voru spurðir hvaða ástæður komi í veg fyrir það. Að lokum var spurt hvaða þjónustupætti fólk telur líklegt að það myndi nýta sér ef þeir væru í

boði. Þar voru listaðir upp svarmöguleikar sem falla að öllu jöfnu undir þjónustu bókasafna og er algengt að sjá á stærri almenningsbókasöfnum. Sumir þjónustubættirnir eru í boði nú þegar á bókasöfnum Vesturbyggðar en flestir ekki. Til að gera listann skýrari voru þættirnir flokkaðir í fjóra flokka; framboð efnis, upplýsingaþjónustu, skipulagt starf fyrir mismunandi hópa svo sem tómsundur og afþreyingu og aðstöðu og þjónustu.

Spurningarnar voru settar upp með svarmöguleikum á mismunandi kvörðum, flestar spurningar sem snúa að óháðum breytum eru með svörum á nafnkvarða. Einungis ein spurning er með svörum á raðkvarða, það er spurning um ánægja með þjónustu. Spurning um mat á þjónustubáttum var sett upp með sem fjölvalsspurning þar sem þátttakendur voru beðnir að meta mikilvægi tiltekinna þjónustubátta út frá eigin þörfum og áhuga.

Um margar breytur er að ræða og þurfti að velja úr það sem telst mikilvægast að bera saman, ekki var hægt að bera saman allar breytur. Í upphafi var einna helst litið til þess að skoða viðhorfin eftir því hvort um innflytjendur eða aðra er að ræða og eftir búsetu innan sveitarfélagsins. Þar sem mjög fáir listar á pólsku bárust til baka var ekki talið marktækt að greina niðurstöðurnar sérstaklega eftir tungumálum. Vegna þessa þurfti ekki að að reikna vogtölur og leiðréttu fyrir skekkjum til að fá sem nákvæmasta mynd af viðhorfum hvers hóps fyrir sig. Sú staðreynd að um þýðisrannsókn er að ræða kemur í veg fyrir úrtaksvillu og þarf því ekki að gera marktektarpróf.

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar felast í svarhlutfallinu, sem er 23,15%,. Sökum þess er ekki hægt að líta á niðurstöðurnar sem annað en vísbendingu um skoðanir heildarinnar.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar og sagt frá hverri spurningu fyrir sig, fyrir utan spurningar 1-7 sem er þegar búið að segja frá í kafla um þátttakendur. Lýsandi tölfræði er notuð til að setja niðurstöðurnar fram og stuðst við myndræna framsetningu. Mest áhersla er lögð á að fjalla um þær spurningar sem geta gefið sem best svör við rannsóknarspurningunum, og aðrar sem gefa góðar vísbendingar.

4.1. Notkun þjónustu bókasafnanna og ánægja með þau

Spurning 8: Hversu margir á heimilinu eiga bókasafnskort?

Á tæpum 40% heimila svarenda er ekkert bókasafnskort en eitt kort á 43% heimila. Ekkert heimili í dreifbýli er með bókasafnskort. Á tveimur heimilum á Patreksfirði eru fjögur bókasafnskort og er það mesti fjöldi korta á heimili svarenda. Innan byggðakjarna eru hlutfallslega flest bókasafnskort á hvert heimili á Patreksfirði, þar eru þrjú til fjögur kort á 6% heimila en á 3,6% heimila á Bíldudal.

Spurning 9: Hversu oft að meðaltali á ári notar þú þjónustu bókasafna Vesturbyggðar?

Rúm 56% allra svarenda nota bókasöfnin aldrei, aðrir svarendur dreifast á eitt til 52 skipti á ári, flestir þeirra nota bókasöfnin að meðaltali tvisvar á ári, eða 7%, næst eru það 5% sem nýta bókasöfnin að meðaltali tíu sinnum á ári. Að öðru leyti er dreifingin nokkuð jöfn en fæstir nýta bókasöfnin oft. Ef skoðað er hvernig svörin dreifast eftir póstnúmerum kemur í ljós að álíka margir á Patreksfirði og Bíldudal nota bókasöfnin aldrei, eða 56% á hvorum stað. Rúm 83% þeirra sem búa í dreifbýli Vesturbyggðar nota bókasöfnin aldrei, það þýðir að 17% svarenda nota einhverja þjónustu bókasafnanna sem skýtur skökku við þar sem enginn svarenda í dreifbýli segir bókasafnskort á heimilinu. Þó er hugsanlegt að viðkomandi nýti aðra þjónustu bókasafnanna en lán á bókum.


Kynjaskiptingin er þannig að 48% kvenna nota bókasöfnin aldrei en 49% þeirra nýta söfnin 1-14 sinnum á ári. 70% karla nýta bókasöfnin aldrei en 21% þeirra nýta þau 1-14 sinnum á ári.

Greinileg fylgni er milli aldurs og nýtingar á bókasöfnunum, því eldri sem svarendur verða því oftar nota þeir bókasöfnin. Rúm 76% yngsta aldurshópsins (18-25 ára) nýta söfnin aldrei en rúm 23% nýta þau 1-6 sinnum á ári. 47% elsta aldurshópsins (60-91 árs) nýta bókasöfnin aldrei en 9% hópsins nýta þau 50-52 sinnum á ári.

Þegar litið er til menntunar sést að í hópi þeirra sem hafa lokið starfsnámi eru flestir sem nýta bókasöfnin aldrei, eða 67%, en aftur á móti er sá hópur einnig með hæst hlutfall þeirra sem nýta bókasöfnin oftast, 17%. Þeir sem hafa lokið grunn háskólaprófi og framhaldsnámi á háskólastigi eru þeir tveir hópar sem nýta bókasöfnin mest þegar öll nýtingin er skoðuð. 56% þeirra sem hafa grunn háskólapróf nýta bókasöfnin og 50% þeirra sem hafa lokið framhaldsnámi.

Spurning 11: Hvaða þjónustubætti bókasafnanna nýtirðu helst?

Þeir sem nota bókasöfnin voru beðnir að svara því hvaða þjónustubætti þeir nýta helst og þar mátti merkja við eins mörg svör og fólk vildi. Svarmöguleikarnir eru fimm, þrjú þeirra snúa að því efni sem bókasöfnin lána út; bókum, tímaritum og hljóðbókum. Tveir svarmöguleikanna snúa að þjónustubáttum í boði á bókasöfnunum; millisafnalánum og aðstoð við heimildaleit.



Mynd 1. Þeir þjónustubættir sem eru helst nýttir.

Mynd númer 1 sýnir að langflestir svarenda nýta bækur, eða 43% af heildinni, sem er fullkomlega í takt við framboð efnis á bókasöfnunum. Aðrir þjónustubættir eru lítið notaðir; 8% svarenda nýta tímarit og 7% aðstoð við heimildaleit, en eingöngu 5% nýta hljóðbækur og 3% millisafnalán.


Þeir sem búa í dreifbýli nýta eingöngu bækur og aðstoð við heimildaleit. Bíliddælingar nýta alla þjónustubætti nema millisafnalán, Patreksfirðingar nýta alla þjónustubætti og innan þess hóps er hæst hlutfall þeirra sem nýta aðstoð við heimildaleit, eða rúm 8%.

Fleiri konur en karlar nýta bækur, tæp 50% kvenna á móti tæpum 33% karla. Aftur á móti nýta fleiri karlar heimildaleit, eða 10% á móti 5% kvenna. Önnur nýting er mjög svipuð milli kynja.

Þegar nýtingin er skoðuð eftir aldri sést að allir aldursflokkarnir eru með svipaða nýtingu á bókum, 35%-37%, nema elsti hópurinn þar sem nýtingin er 56%. Nýting á hljóðbókum er mest hjá elsta hópnum, 7% og næstmest hjá yngsta hópnum, tæp 6%. Enginn í yngsta hópnum nýtir tímarit eða millisafnalán en rúm 23% nýta aðstoð við heimildaleit. Mest nýting á tímaritum er hjá elsta aldurshópnum, 12% og tæp 9% þeirra nýta aðstoð við heimildaleit. Aldurshóparnir 26-40 ára og 41-59 ára fylgjast að og eru nýtingartölur hópanna mjög svipaðar, nema þegar kemur að aðstoð við heimildaleit, enginn úr aldurshópnum 26-40 ára nýtir hana en tæp 5% eldri hópsins.

Spurning 12: Hversu ánægð/ur ertu með þjónustu bókasafnanna í Vesturbyggð?

Svör við spurningu um ánægju með þjónustuna eru sett upp á raðkvarða með fimm svarmöguleikum, sjá mynd númer 2.



Mynd 2. Ánægja með þjónustu bókasafnanna.

Mynd númer 2 sýnir hlutfall þess hversu ánægðir svarendur eru með þjónustu bókasafnanna. Þegar spurt var um ánægju þeirra sem nota bókasöfnin kom í ljós að flestir eru nokkuð ánægðir, eða samtals 66% allra svarenda.

Álíka margir á Patreksfirði og Bíldudal eru nokkuð eða mjög ánægðir, 64% á Bíldudal en 66% á Patreksfirði, aftur á móti eru fleiri Bílddælingar nokkuð eða mjög óánægðir, eða rúm 21% á móti rúmum 14% Patreksfirðinga. Eingöngu fimm svarenda úr dreifbýli svara spurningunni og dreifast svörin nokkuð jafnt.


Álíka margar konur og karlar eru mjög eða nokkuð ánægð með þjónustuna, rúm 65%, en fleiri konur eru mjög eða nokkuð óánægðar, rúm 18% kvenna á móti 11% karla. Færri karlar taka afstöðu og svara hvorki né, eða 22% á móti 16% kvenna. Töluverður munur er á ánægju eftir

menntunarstigi. Langflestir þeirra sem eru nokkuð eða mjög ánægðir hafa lokið starfsnámi, eða 90%, en fæstir sem eru nokkuð eða mjög ánægðir eru meðal þeirra sem hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi, rúm 45%. Hlutföllin varðandi þá sem eru nokkuð eða mjög óánægðir fylgja þessu, enginn þeirra sem hefur lokið starfsnámi er mjög óánægður en 11% nokkuð óánægður. Samtals eru 36% þeirra sem hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi nokkuð eða mjög óánægð með þjónustu bókasafnanna.

Nokkur munur er í svörun aldurshópanna, 5% elsta hópsins svara hvorki né, tæp 73% þeirra eru nokkuð eða mjög ánægðir en rúm 21% nokkuð eða mjög óánægð. Aldurshópurinn 26-40 ára tekur síst afstöðu, 36% þeirra svara hvorki né, tæp 55% eru nokkuð eða mjög ánægðir, rúm 9% nokkuð eða mjög óánægð. Hæst hlutfall mjög óánægðra er meðal yngsta aldurshópsins, þar eru tæp 29% mjög óánægð, enginn er mjög ánægður en 43% nokkuð ánægð.

Spurning 10: Ef þú notar ekki þjónustu bókasafnanna hvaða ástæður koma í veg fyrir það?

Til að komast að því hvers vegna vegna íbúar nota bókasöfnin ekki var spurt um ástæður þess. Svarmöguleikarnir eru sex talsins og mátti merkja við fleiri en einn lið. Einn svarmöguleikinn er „annað“. Þar var ekki boðið upp á að skrifa inn eigið svar.



Mynd 3. Ástæður sem koma í veg fyrir að íbúar nýti þjónustu bókasafnanna.

Þegar spurt er um ástæðu þess að fólk notar bókasöfnin ekki merkja flestir við „annað“. Þó ekki væri boðið upp á möguleika á að skrifa inn svar gerðu nokkrir svarenda það, flestir þeirra sögðust óánægðir með þjónustuna. Af þeim sem merktu við önnur svör sögðust flestir ekki nota bókasöfnin vegna opnunartímans, þar á eftir kemur aðgengi, eins og sést á mynd númer 3.

Þegar litið er á stakar breytur sést að svarið „annað“ er ekki alltaf það sem flestir merkja við. Ef svörin er skoðuð eftir pósthúmerum kemur í ljós að flestir í dreifbýli og á Bíldudal merkja við opnunartíma, 38% í dreifbýli og tæp 29% á Bíldudal. Hins vegar merkja einungis 10% Patreksfirðinga við opnunartíma, enda er bókasafnið þar opið mun fleiri klukkutíma á viku en bókasafnið á Bíldudal. Aftur er samræmi milli dreifbýlis og Bíldudals þegar kemur að næst stærsta svarendahópnum en 33% íbúa í dreifbýli merkja við aðgengi og 14% Bíliddælinga. Tæp 8% Patreksfirðinga merkja við aðgengi en flestir þeirra merkja við annað, eða 27%.


Í öllum fjórum aldurshópnum merkja flestir svaranda við annað, á bilinu 27%-29%, fyrir utan elsta aldurshópinn þar sem 14% merkja við annað. Yngsti aldurshópurinn setur opnunartímann fyrir sig, rúm 23% merkja við þann svarmöguleika, 18% við bæði framboð efnis og að þeir hafi ekki áhuga á þjónustu bókasafna. Aldurshópurinn fyrir ofan, 26-40 ára, er nokkuð sammála þegar kemur að opnunartímanum, en tæp 26% merkja við hann. Tæp 30% hópsins merkir einnig við aðgengi. Dreifing svara er mun jafnari hjá tveimur eldri hópnum.

Kynin eru nokkuð sammála þegar kemur að því sem flestir svara, en 22% kvenna merkja við annað og 24% karla. Einnig eru kynin svipaðrar skoðunar varðandi opnunartímann, 16% kvenna merkja við þann svarmöguleika og 18% karla. Aftur á móti merkja mun fleiri karlar við aðgengi, eða tæp 18% á móti 8% kvenna. Töluvert fleiri karlar merkja einnig við að þeir hafi ekki áhuga á þjónustu bókasafna, rúm 16% á móti rúmum 5% kvenna.

4.2. Viðhorf til ólíkra þjónustubátta

Spurning 13: Hverja eftirtalinna þjónustubátta myndir þú nýta þér ef þeir væru í boði hjá bókasöfnum Vesturbyggðar?

Í spurningunni um hvaða þjónustubætti svarendur myndu nýta sér ef þeir væru í boði mátti merkja við eins marga svarmöguleika og fólk vildi. Á listanum eru 27 þjónustubættir, fimm þeirra eru í boði á bókasöfnunum; bækur á íslensku, tímarit á íslensku, hljóðbækur á íslensku, aðstoð við heimildaleit og þjónusta við eldri borgara (Bókin heim).



Mynd 4. Þjónustubættir sem svarendur myndu nýta ef þeir væru í boði.

Langflestir svarenda merktu við fleiri en einn þjónustupátt, mynd númer 4 sýnir hlutfallslega hversu margir einstaklingar merktu við hvaða svarmöguleika. Sá þjónustupáttur sem flestir merkja við eru bækur á íslensku, tæplega 61% svarenda. Næstu þrjú þjónustupættir sem flestir merkja við eru allir með álíka svarhlutfall, frá 42% til 43%, hljóðbækur á íslensku og sá möguleiki að skoða tímarit og annað efni á staðnum eru þar með hæst hlutfall, síðan menningarviðburðir.

Þeir þjónustupættir sem eru með lægst svarhlutfall heildarinnar eru dagskrá fyrir fjölskyldur með 13%, rafbækur á öðrum tungumálum en íslensku með tæp 14%, hljóðbækur á öðrum tungumálum en íslensku eru með rúm 15%. Þjónusta við innflytjendur og aðstoð við gerð heimildalista koma næst með tæp 19% hvor þjónustupáttur.

4.2.1. Svör eftir póstnúmerum, aldri, kyni og menntun

Áhugavert er að skoða svörun eftir hverri og einni frumbreytu en hér verður sérstaklega tekið til skoðunar hvort munur er á svörum kvenna og karla; eftir aldri; póstnúmerum og menntun. Litið verður á þá fjóra þjónustupætti sem fá flest svör og þá fjóra sem fá fæst svör.

Konur og karlar velja sömu þjónustupættina í fjóru efstu sætin; númer eitt eru bækur á íslensku, númer tvö eru hljóðbækur á íslensku, númer þrjú hjá konum er að skoða tímarit og fleira á staðnum en það er númer fjögur hjá körlum. Í fjórða sæti hjá konum eru menningarviðburðir en þeir eru í þriðja sæti hjá körlum. Hjá báðum kynjum er dagskrá fyrir fjölskyldur með fæst svör, en yfir 30% kvenna merkja við dagskrá fyrir annars vegar leikskólabörn og hins vegar grunnskólabörn, 21% karla merkja við dagskrá fyrir leikskólabörn og 24% merkja við dagskrá fyrir grunnskólabörn. Hvað aðra þjónustupætti varðar sem eru neðarlega á listanum merkja um 10% karla við hljóð- og rafbækur á öðrum tungumálum en íslensku, og 16%-19% kvenna. Karlar merkja almennt við færri þjónustupætti og er lægra hlutfall svara við alla þjónustupættina en hjá konum.

Þegar val á þjónustupáttum er skoðað út frá búsetu innan sveitarfélagsins sést að skoðanir eru svipaðar hvað varðar þá þjónustupætti sem flestir merkja við. Rúm 62% Patreksfirðinga velja bækur á íslensku og rúm 71% Bílddælinga, íbúar dreifbýlis velja flestir hljóðbækur á íslensku, eða tæp 48% og bækur á íslensku næst á eftir með rúm 38%. Menningarviðburðir og möguleikinn á að skoða tímarit og fleira á staðnum fá hvoru tveggja svör 47% íbúa á

Patreksfirði og einnig gefa Patreksfirðingar hljóðbókum á íslensku og opnunartíma um helgar jafn mörg svör hvorum þjónustþætti, eða 41%. Möguleikinn á að skoða tímarit og annað efni á staðnum fær 50% hjá Bílddælingum en tímarit á íslensku tæpt 61%. Íbúar dreifbýlis merkja jafnt við bækur á íslensku, þjónusta við eldri borgara og aðgengi óháð búsetu, þeir þjónustubættir fá allir 38% svara. Það er nokkur munur á því hvaða þjónustubættir fá fæst svör eftir póstnúmerum. Enginn í dreifbýli merkir við hljóð- og rafrækur á öðrum tungumálum en íslensku, dagskrá fyrir fjölskyldur eða aðstöðu fyrir klúbba til að koma saman. Rafrækur á öðrum tungumálum en íslensku eru einnig meðal þeirra þjónustubátta sem fá fæst svör hjá Bílddælingum og Patreksfirðingum. Íbúar dreifbýlis merkja almennt við mun færri þjónustubætti en íbúar Bíldudals og Patreksfjarðar, sem gefa álíka mörg svör hlutfallslega bak við hvern þjónustubátt.

Töluverður munur sést á svörum milli aldurshópa. Helst er hægt að segja að svör tveggja elstu aldurshópanna séu álíka, þar fá bækur á íslensku flest svör, 53% þeirra sem eru 41-59 ára og 63% elsta hópsins merkja við það. Báðir hópar eru með hljóðbækur á íslensku og menningarviðburði ofarlega, hjá aldurshópnum 41-59 ára eru hljóðbækur í öðru sæti með tæp 52% og menningarviðburðir er þriðji mest valdi þjónustubátturinn með 45%. Hjá þeim hópi er rafrænt aðgengi með fjórðu flestu svörin, tæp 42%. Innan elsta aldurshópsins er næst mest merkt við menningarviðburði, 42% merkja við þann þjónustubátt, þar á eftir er möguleikinn að skoða tímarit og fleira á staðnum með rúm 40% og síðan hljóðbækur á íslensku með tæp 39%. Yngsti aldurshópurinn, 18-25 ára, gefur aðstoð við heimildaleit flest svör, rúm 76% hópsins. 65% merkja við aðgengi að námsveri, tæp 59% merkja við bækur á íslensku og tæp 53% merkja við möguleikinn á að læra eða vinna í lokuðu rými. Yngsti aldurshópurinn merkir jafnt við möguleikann á að geta unnið og lært í opnu rými, fá aðstoð við notkun heimildaforrita og gerð heimildalista, ásamt rafrækum á íslensku. Þá þjónustubætti kjósa 47% svarenda 18-25 ára svarenda. Svörin frá aldurshópnum 26-40 ára raðast þannig að flestir kjósa opnunartíma um helgar, eða 78%, næst eru það bækur á íslensku, sem 74% hópsins velja, 63% kjósa dagskrá fyrir grunnskólabörn og tæp 60% merkja við dagskrá fyrir leikskólabörn.

Ef lítið er á þá fjóra þjónustubætti sem fá fæst svör hjá svarendum sést að hlutfallslega fáir kjósa rafrækur á öðrum tungumálum, nema yngsti aldurshópurinn. Það sama á við um dagskrá fyrir fjölskyldur, sem fáir merkja við nema 26-40 ára svarendur, aðgengi óháð búsetu er lítið valið hjá tveimur yngri hópnum. Aðrir þjónustubættir sem eru hlutfallslega þeir fjórir

möguleikar sem fæstir merkja við eru tímarit á öðrum tungumálum en íslensku hjá yngsta hópnum, rafbækur á íslensku hjá 26-40 ára og aðstoð við gerð heimildalista og aðgengi að námsveri hjá tveimur eldri hópnum.

Það er ekki fullkomið samræmi milli aldurs og áhuga á þjónustu við eldri borgara, 35% úr yngsta aldursbilinu merkja við þann þjónustubátt og má túlka það á þann hátt að svarendum þyki þetta mikilvægur þjónustubáttur. Um fjórðungur aldurshópanna 26-40 ára og 41-59 ára merkja einnig við þjónustu við eldri borgara. Í elsta aldurshópnum merkja tæp 39% við þennan þjónustubátt sem sýnir að ekki er mikill munur á viðhorfi þeirra yngstu annars vegar og þeirra sem þiggja þjónustuna hins vegar.

Svarendur voru beðnir að merkja við síðasta námsstig lokið sem þeir hafa lokið og var hægt að merkja við skyldunám, starfsnám, verk/iðnnám, bóklegt nám, grunnnám á háskólastigi og framhaldsnám á háskólastigi. Allir hópar nema þeir sem hafa lokið bóklegu námi og þeir sem hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi gefa bókum á íslensku flest svör, þeir sem hafa lokið bóklegu námi gefa opnunartíma um helgar flest svör en þeir sem hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi gefa bókum á öðrum tungumálum flest svör. Þessir tveir hópar eru þó með bækur á íslensku meðal þeirra fjögurra þjónustubátta sem fá flest svör. Þeir sem hafa lokið skyldunámi, verk/iðnnámi og bóklegu námi gefa allir dagskrá fyrir fjölskyldur fæst svör, þeir sem hafa lokið bóklegu námi setja einnig dagskrá fyrir leik- og grunnskólabörn meðal fjögurra neðstu þjónustubáttanna. Rafbækur og tímarit á íslensku og á öðrum tungumálum, hljóðbækur á öðrum tungumálum, möguleikinn að læra eða vinna í lokuðu rými og að hitta annað fólk óformlega fær allt fæst svör, eða 11%, hjá þeim sem hafa lokið starfsnámi. Rafbækur á öðrum tungumálum og þjónusta við innflytjendur fá fæst svör, 12%, hjá þeim sem hafa lokið grunnnámi í háskóla. Þeir sem hafa lokið framhaldsnámi í háskóla gefa þjónustu við eldri borgara fæst svör, eða rúm 12%

5. Umræður

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar ræddar í samhengi við það fræðilega efni sem var uppistaða fyrsta kafla.

Hafa verður í huga að svarhlutfallið við könnuninni var lágt, 23,15%. Það er því ekki hægt að alhæfa neitt út frá niðurstöðunum en þó má segja að þær séu ákveðin vísbending um skoðanir íbúa Vesturbyggðar. Það má rökstyðja með því að ekki er mikill munur á fjölda þeirra svarenda sem nota bókasöfnin og þeirra sem nota þau ekki og svarhlutfallið endurspeglar vel hlutfall íbúa eftir póstnúmerum. Svarhlutfallið endurspeglar hins vegar ekki samsetningu íbúa eftir upprunabjóðerni og var sú breyta því ekki höfð til hliðsjónar við greiningu gagnanna.

Svörin við spurningunni um hversu oft fólk nýti bókasöfnin eru í samræmi við þær rannsóknir sem vitnað var í í kaflanum um nýtingu bókasafna (kafla 1.3.1.). Rannsóknir Sbaffi og Rowley (2015) á almenningsbókasöfnum í Manchester og Róm, Ipsos MORI (2010) meðal bresks almennings og Purcell, Rainie og Zickuhr (2012) meðal bandaríks almennings sýna allar fram á að 40%-53% svarenda nýttu bókasöfn en 44% svarenda í Vesturbyggð nýta bókasöfnin. Í þessu samhengi er mikilvægt að benda á þá staðreynd að enginn á heimilum svarenda í dreifbýli Vesturbyggðar á bókasafnskort. Það gefur til kynna að íbúar dreifbýlis sjái sér ekki hag í því að eiga bókasafnskort og það ætti að vera sóknarfæri fyrir sveitarfélagið að veita þessum hópi betri þjónustu. Fyrir utan þá staðreynd að sveitarfélögum ber skylda lögum samkvæmt til að veita öllum íbúum aðgengi að almenningsbókasöfnum (Bókasafnalög nr. 150/2012). Fleiri konur en karlar nýta bókasöfnin á Patreksfirði og Bíldudal, sem er einnig í takt við þær þrjár rannsóknir sem voru nefndar hér að ofan. Einnig er aldursskipting notenda í Vesturbyggð svipuð og á almenningsbókasöfnum í Bretlandi (Sbaffi og Rowley, 2015), nýting bókasafna eykst með aldrinum. Þegar kemur að því að skoða hvaða efni og þjónustu fólk nýtir sér helst á bókasöfnum sést ekki mikill munur á bókasöfnum Vesturbyggðar og bókasöfnum í erlendum stórborgum. Bækurnar virðast alltaf vera vinsælastar. Erlendu rannsóknirnar sýndu þó fram á enn hærra hlutfall þeirra sem nýta bækur, um það bil 70% þeirra sem heimsækja bandarísk bókasöfn nýta sér bækur til yndislesturs eða náms (Purcell, Rainie og Zickuhr, 2012). Það er mjög áhugavert þegar litið er til þess að mun fleiri þjónustupættir eru í boði á þeim bókasöfnum sem um ræddi en á bókasöfnum Vesturbyggðar. Tæp 43% svarenda í

Vesturbyggð sögðust helst nýta bækur á bókasöfnunum og líklegt má telja að sú tala væri svipuð þó úrval þjónustubátta væri aukið. En aukið úrval þjónustubátta gæti hins vegar stækkað notendahópinn. Bandaríska rannsóknin sýndi einnig fram á að um helmingur svarenda nýta sér aðstoð upplýsingafræðinga við ýmislegt, eða nýta afþreyingu af einhverju tagi (Purcell, Rainie og Zickuhr, 2012).. Upplýsingaþjónusta er afar takmörkuð á bókasöfnum Vesturbyggðar, reyndar er varla hægt að segja að hún sé til staðar og ekki er boðið upp á neina afþreyingu á bókasöfnunum.

Þrátt fyrir að fáir þjónustubættir séu í boði á bókasöfnum Vesturbyggðar eru svarendur könnunarinnar að mestu leyti ánægðir með þá þjónustu sem þeir nýta. Rúm 66% svarenda eru nokkuð eða mjög ánægð. Flestir nýta bókasöfnin til að taka bækur að láni og starfsfólk safnanna gætir þess að kaupa sem mest inn af nýjum útgáfum, það er því rökrétt að svarendur séu ánægðir með það. Einnig er líklegt að svarendur séu ánægðir með viðmót starfsfólksins, sem hefur ríka þjónustulund og er tilbúið að panta þær bækur sem óskað er eftir. Það má þó velta vöngum yfir því hvort 16% hlutfall nokkuð og mjög óánægðra íbúa Vesturbyggðar sé ekki of hátt og hlutfallið er enn hærra á Bíldudal. Það væri gagnlegt fyrir bókasöfnin að vita hver sé skýringin á því. Þegar spurt var um hvers vegna fólk nýtir bókasöfnin ekki svöruðu flestir „annað“. Þar var ekki gefinn möguleiki á að skrifa inn svar sem eftir á að hyggja voru mistök, það hefði verið gagnlegt að fá nánari skýringar frá svarendum. Nokkrir þeirra skrifuðu samt sem áður skýringu og flestir þeirra sögðust óánægðir með bókasöfnin. Af þeim sem merktu við tiltekna ástæður sögðust 17% svarenda ekki nýta bókasöfnin vegna aðgengis, sem er slæmt við bæði bókasöfnin. Opnunartíminn er takmarkaður, sérstaklega á Bíldudal og 12% svarenda segja það ástæðu þess að þeir nýta ekki bókasöfnin. Hvoru tveggja eru þættir sem sveitarfélagið ætti að geta komið í betra horf án gríðarlegs tilkostnaðar, sérsaklega er opnunartíminn viðráðanlegur þáttur ef vilji er fyrir hendi.

Þegar kom að því að spyrja um þá þjónustubætti sem fólk myndi nýta ef þeir væru í boði var svarmöguleikunum stillt upp í fjóra flokka; framboð efnis, upplýsingaþjónustu við nemendur og aðra sem leita heimilda og vinna með heimildir, skipulagt starf fyrir mismunandi hópa og aðstöðu og þjónustu. Samtals voru 27 svarmöguleikar við þessa spurningu og mátti merkja við eins marga svarmöguleika og fólk vildi. Langflestir merkja við bækur á íslensku, þar á eftir eru hljóðbækur á íslensku, að skoða tímarit og fleira efni á staðnum og menningarviðburðir. Rúmlega þriðjungur svarenda merkti við opnunartíma um helgar, flestir þeirra á Patreksfirði.

Fæstir merktu við dagskrá fyrir fjölskyldur, en í því samhengi má nefna að um 30% merktu bæði við skipulagða dagskrá fyrir leikskólabörn og grunnskólabörn. Við svarmöguleikann um dagskrá fyrir fjölskyldur var tekið sem dæmi mömmu og/eða pabbamorgnar. Næst á eftir af þeim þjónustubáttum sem fæstir merktu við voru rafbækur og hljóðbækur á öðrum tungumálum en íslensku og þjónusta við innflytjendur. Sem kemur ekki á óvart þegar litið er til svarhlutfalls innflytjenda. Margir svarmöguleikar voru á bilinu 25-30% í svörun og tengist meirihlutinn því sem er hægt í einfaldaðri mynd að flokka sem þriðja staðs þætti (Lawson, 2004). Þar voru til dæmis þjónustubættir á borð við aðstöðu fyrir klúbba að hittast, vinna eða læra í almenningsrými og aðgengi að námsveri, allt eru þetta tækifæri til að eiga alla vega formleg og óformleg samskipti. Í sumum tilfellum er fólk að leita eftir stað til að geta unnið, svo sem í námsveri og það er á mörkunum að flokkast sem þriðji staðurinn. Rannsókn Aabø, Audunson og Vårheim (2010) á nýtingu rýmis á almenningsbókasöfnum leiddi einmitt í ljós að þau eru margslungnir staðir og geta verið nokkurs konar framlenging af heimili og vinnustað (Aabø, Audunson og Vårheim, 2010). Hvernig sem litið er á bókasöfn má telja nokkuð öruggt að íbúar Vesturbyggðar vilji fjölbreyttari þjónustu og aðstöðu en boðið er upp á í dag.

Patreksfjörð og Bíldudal vantar félagsmiðstöðvar sem allir íbúar geta nýtt sér, óháð aldri, uppruna og félagslegri stöðu. Í dag hittist fólk á vinnustöðum, skólum, verslunum, íþróttahúsum eða á veitingahúsum en það er ekki sama umhverfi og bókasafn getur boðið upp á. Í kaflanum um félagslegt hlutverk almenningsbókasafna (kafla 1.5.) kom fram að þau geti gegnt mikilvægu félagslegu hlutverki. Ef þau eru rekin af metnaði og fagmennsku ættu þau að vera lykilstofnanir fyrir félagsstörf, menningu og þjónustu. Í könnuninni var ekki spurt út í aðra félagslega þátttöku en rannsóknir gefa til kynna að þeir einstaklingar sem eru almennt virkir félagslega nýti bókasöfn frekar en þeir sem taka ekki mikinn þátt í samfélaginu (Aabø, Audunson og Vårheim, 2010). Í skrifum Bourdieu (2007) um habitus segir hann að áhrif uppeldis og þess umhverfis sem viðkomandi er vanur, hafi ótvíræð áhrif á félagslega stöðu í lífinu. Í framhaldi af því má ætla að félagsleg þátttaka hafi að öllum líkindum töluvert að gera með habitus einstaklinganna og möguleika þeirra í lífinu. Þetta er sérlega mikilvægt að hafa í huga gagnvart annarri kynslóð innflytjenda, þau börn eiga á hættu að lenda á milli hópa í samfélaginu og þurfa á stuðningi að halda (Ide, Steinmo og Vårheim, 2007) en almenningsbókasöfn geta verið mikilvægur stuðningsaðili fyrir innflytjendur (Lu, 2007). Gott dæmi um slíkan stuðning er Söguhringur kvenna, verkefni Borgarbókasafns með

innflytjendum, þar sem konum af erlendum uppruna gefst tækifæri til að æfa íslenskuna og fræðast um leið (Borgarbókasafn, e.d.). Söguhringur kvenna er verkefni þar sem formleg samskipti eru í forgrunni en óformleg samskipti skapa ekki síður möguleika á að skapa traust, eins og Ide, Steinmo og Vårheim (2007) benda á í rannsókn sinni um nýtingu rýmis á almenningsbókasöfnum. Þau taka sérstaklega óformleg samskipti á barnasvæðum sem dæmi um aðstæður þar sem traust getur myndast. Sá áhugi sem birtist í niðurstöðum könnunarinnar á dagskrá fyrir börn gæti einmitt verið tækifæri til að skapa aðstæður fyrir foreldra í Vesturbyggð til að kynna. Hugsanlega væri vettvangur þar fyrir innflytjendur með börn til að hitta aðra foreldra og mynda ný tengsl.

Hér á undan hefur mikið verið rætt um mikilvægi bókasafna og upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur en það skýtur skökku við gagnvart þeirri umræðu að fá eingöngu fjóra spurningalista á pólsku til baka, af 81 útsendum. Þetta var svarhlutfallið þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að koma því á framfæri við hópinn hversu mikilvægt er að taka þátt í samfélagslegri umræðu og geta þannig haft áhrif. Það svarhlutfall sýnir hugsanlega annað hvort engan áhuga á málefnum hjá hópnum eða enga trú á að neitt verði gert og það er efni í eigindlega rannsókn að komast að því rétta hvað það varðar. Með tilkomu háhraða internettengingar eiga allir auðvelt með að horfa á sjónvarp hvaðan sem er úr heiminum, hlusta á útvarp og skoða vefsíður á sínu móðurmáli. Þetta er líklega það sem innflytjendur gera hvar sem er í heiminum þar sem er góð nettenging. Og þá er spurning hvort innflytjendur einangrist enn meira og finni minni þörf og áhuga á að tengjast sínu nýja samfélagi. Á sveitarfélagið að eyða peningum og kröftum í að bjóða upp á þjónustu og efni fyrir hóp fólks sem hefur hugsanlega engan áhuga? Já, vegna þess að þessi hópur fólks á börn í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og þau eru öll tvítyngd þó foreldrarnir séu það ekki. Börnin þurfa gott aðgengi að efni á sínu móðurmáli og á íslensku, það mun styrkja getu þeirra í skóla, hjálpa þeim að brúa bilið milli pólskunnar og íslenskunnar og þá er einnig mögulegt að foreldrarnir fylgi á eftir. Eins og fram hefur komið eru starfandi móðursöfn fyrir tiltekin tungumál á Íslandi, þar á meðal er Bókasafn Selfoss sem er móðursafn fyrir pólskar bækur. Það er því hæðarleikur að fá pólskar bækur í millisafnaláni, sem er mikill kostur því þá þurfa bókasöfnin ekki að eyða stórum hluta af sínu rekstrarfé til kaupa á efni á öðrum tungumálum. Til þess að geta nýtt möguleika á borð við þennan þarf starfsfólkið að vita af þeim en hvorki bókasöfnin í Vesturbyggð né starfsfólk þeirra eru þátttakendur í skipulögðum samstarfsverkefnum almenningsbókasafna á landinu. Það má því

ætla að starfsfólkið missi af tækifærum til að efla þjónustuna. Á sama tíma er mjög skiljanlegt að starfsfólk sem vinnur nokkra klukkutíma á viku sé ekki mjög virkt í félagsstarfi starfsfólks bókasafna á landsvísu.

Það er einnig skiljanlegt að ófagmenntað starfsfólk í hlutastarfi eigi ekki frumkvæði að því að efla upplýsingaþjónustu bókasafnanna. Enda kemur hvergi neitt fram um upplýsingaþjónustu á vefsíðu sveitarfélagsins eða á bókasöfnunum sjálfum. Upplýsingalæsi eflir einstaklinga og samfélög. Nú á tímum hlýtur að vera gríðarlega mikilvægt að efla upplýsingalæsi allra, ekki eingöngu barna og unglinga heldur ekki síður eldra fólks og innflytjenda gagnvart íslenskum aðstæðum. Heimurinn fer sífellt minnkandi og tækni hefur sífellt meiri áhrif á líf okkar. Til að þau áhrif séu að mestu leyti jákvæð þarf upplýsingalæsi og með því að efla það meðal íbúa samfélags aukast líkurnar á betur upplýstum og betur menntuðum íbúum, sem fjölgar tækifærum og bætir lífsgæðin og það styrkir alla heildina. Almenningsbókasafn sem býður upp á faglega og góða upplýsingaþjónustu og sinnir vísindum og nýsköpun ekki síður en menningu, getur orðið mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem myndar samfélagið. Það bókasafn getur verið sá staður þar sem hægt að kynnast tækninýjungum, leita sér aðstoðar fagfólks eða einfaldlega til að koma saman og deila hugmyndum og þekkingu. Hugsanlega er minna um að íbúar lítilla samfélaga fari á bókasöfn sérstaklega í þeim tilgangi að leita sér markvisst upplýsinga en íbúar stærri samfélaga. Hvort sem það er vegna þess að það er ekki hefð fyrir þeirri þjónustu eða vegna þess að það er ekki þörf fyrir hana, það er erfitt er að segja til um óathuguðu máli. Flestir fara á bókasafnið til að sækja sér bækur eða annað efni og það gefur fólki um leið tækifæri til að eiga samskipti sem snúast um daginn og veginn. Þess konar óformleg samskipti geta verið mörgum gagnleg og hjálpað fólki að tengjast, hvort sem það eru íbúar nýfluttir á svæðið að fræðast um sitt nýja samfélag eða rótgrónir íbúar að búa til nýjar samfélagslegar tengingar.

Hvert og eitt almenningsbókasafn þarf að skapa sína eigin stefnu byggða á því samfélagi sem bókasafnið þjónar. Stofnanir á borð við IFLA (IFLA, 2010) og UNESCO (UNESCO, e.d.) bjóða með sínum stefnumörkunum upp á ramma sem starfsfólk bókasafnanna getur haft til hliðsjónar við gerð eigin stefnu. Þær eru tiltölulega almenns eðlis en síðan er það hlutverk starfsfólksins að útfæra sína stefnu og taka þar inn þá hagkvæmu þætti sem einkenna daglegt starf. Ef lagst yrði í vinnu af þessu tagi fyrir bókasöfn Vesturbyggðar er ljóst að starfsemin myndi taka töluverðum breytingum í framhaldinu. Í dag er hún eingöngu miðuð að íslenskumælandi fólki og hefur að litlu leyti breyst í áratugi. Allir landsmenn eiga að hafa kost á að njóta þjónustu

almenningsbókasafna. Íbúar Vesturbyggðar eiga margir hverjir uppruna sinn í öðrum löndum og hafa ekki íslensku að móðurmáli. Þessir íbúar hafa hingað til ekki haft möguleika á að nýta þjónustu bókasafnanna þar sem svo til allur safnkosturinn er á íslensku.

Dæmi um eitt af því sem væri gagnlegt að taka fram í stefnuyfirlýsingu bókasafnanna er hvort hlutverk þeirra sé fyrst og fremst að vera útlánasöfn eða varðveislusöfn. Rannsóknir sýna að grisjun eykur útlán bóka og ánægju notenda en bókasöfnin í Vesturbyggð eru yfirfull af bókum, lítið virðist grisjað og engin stefna til um slíkt. Ekki er til stefna varðandi gjafir sem gerir það að verkum að starfsfólkið getur ekki borið nein rök fyrir sig þegar kemur að gjöfum sem koma bókasöfnunum ekki að gagni. Fyrir utan bókagjafir berast einnig skjöl af ýmsu tagi inn á bókasöfnin en ekki er starfrækt héraðsskjalasafn í Vesturbyggð.

Það er tæpast við starfsfólkið sjálft að sakast þar sem það er ljóst að starfsmaður sem vinnur í hlutastarfi á bókasafni gerir varla mikið meira en eingöngu að afgreiða bækur inn og út, viðkomandi mun tæpast hafa tíma til að vinna stefnumótun, innkaupastefnu, grisjunarstefnu og annað sem til þarf á góðu bókasafni. Hvað þá að leggja í þá vinnu að gera könnun meðal íbúa sveitarfélaganna til að nota við gerð stefnumótunar fyrir bókasafnið.

Þegar stefna er mótuð þarf einnig að líta til laga um almenningsbókasöfn og þess hlutverks sem þar er skilgreint. Í bókasafnalögum kemur fram að almenningsbókasöfn „skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi“ (Bókasafnalög nr. 150/2012). Eins og fyrr segir á hvert og eitt bókasafn að móta sína stefnu eftir því samfélagi sem það þjónar en það eru samt sem áður greinilegar tískubylgjur ríkjandi í bókasafnaheiminum. Það virðist sem stemning hafi skapast meðal bókasafnafólks um að efla menningarhlutverkið en öðru sem er tiltekið í lögnum fer minna fyrir og þar er sérstaklega átt við vísindastarfsemi. Það er mjög jákvætt að sinna menningunni vel, sér í lagi fjölmeningunni og innflytjendum, en það er ekki jákvætt ef það verður slagsíða vegna þess að öll bókasöfn eru með sömu áherslu að fordæmi hinna stærri. Það er hætt við að vanti sjálfstæða hugsun, sem er ekki að furða þegar það er líklegt að ófaglærða starfsmenn bókasafna í dreifbýli vanti sjálfstraust og jafnvel stuðning til að fara þær leiðir sem henta þeirra samfélögum. Það er skiljanlegt að ekki séu faglærðir upplýsingafræðingar í vinnu við bókasöfnin þegar allar líkur benda til þess að starfshlutföll innan margra bókasafna séu ekki nema nokkrar klukkustundir á viku. Eins og fyrr segir hefur sveitarfélagið Vesturbyggð aldrei

auglýst eftir upplýsingafræðingi til starfa (Elsa Reimarsdóttir, munnleg heimild, 14. október 2015) áhugavert væri að vita hvort sú sé raunin hjá fleiri sveitarfélögum.

Það er fín lína milli þess að skapa vettvang fyrir almenning til að efla sinn menningarauð og habitus og þess að sýna menningarlegt forræði. Almenningsbókasöfn hafa skyldum og hlutverkum að gegna samkvæmt lögum og stefnum sem þau starfa eftir. Innan bókasafnanna vinnur fólk sem má segja að sé hluti af hinni ráðandi stétt þegar kemur að vali og framsetningu á þeirri menningu sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif á notendur. Það eru ekki eingöngu bækur og tímarit sem eru valin inn á bókasöfn heldur er þar einnig raðað saman dagskrá ýmissa viðburða fyrir ólíka hópa. Starfsfólk bókasafnanna hefur það í sínum verkahring að velja inn efni og skipuleggja menningarviðburði, þau skilgreina hvað er gott og hvað er ekki gott og það sem er frambærilegt fyrir alla hina.

Þó óhætt sé að fullyrða að almenningsbókasöfn búi yfir menningarlegu forræði og starfsfólk þeirra geti verið í stöðu skoðanaleiðtoga er samt sem áður ólíklegt að annað en hlutleysi ráði för við alla stefnumótun og bókasöfnum sé treystandi. Þátttaka notenda við sköpun og þróun innan bókasafnanna hefur einnig sitt að segja við að búa til stofnanir þar sem lýðræðisvæðing menningarinnar fær að ráða för.

Í ýktri mynd má setja stjórnvöld fyrri tíma og tilraunir þeirra til siðbætingar almúgans í samhengi við bókasöfn en þó má telja ólíklegt að þau séu meðvitað að gefa sér forræði og reyna að siðbæta. Þau hafa þó að markmiði að jafna út menningarmun og gefa hópum sem hafa ekki fengið mikinn menningarauð í vöggugjöf tækifæri til að breyta sínum aðstæðum og byggja upp sinn eigin auð. Almenningsbókasöfn geta einnig, þegar vel tekst til, verið brú innflytjenda inn í nýtt samfélag. Bókasöfnin gefa innflytjendum tækifæri til að öðlast dulmálslykilinn sem þarf til að geta lesið í hið nýja umhverfi, skilið tákni og merkingar samfélagsins og myndað tengsl.

Lokaorð

Í verkefninu var farið yfir þau fræði sem einna helst voru talin eiga við efni þess. Litið var yfir sögu lestrarfélaga á Íslandi, þá sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum, og tilkomu almenningsbókasafna. Félagslegt hlutverk almenningsbókasafna var rætt í samhengi við lög og skilgreiningar, og í samhengi við kenningar um habitus (félagslega formgerð) og hegemony (menningarlegt forræði). Félagslegt traust og þriðji staðurinn voru einnig til umræðu í þeim kafla. Upplýsingaþjónusta og þjónusta við innflytjendur fengu umfjöllun og sérstakur kafla var um sveitarfélagið Vesturbyggð og bókasöfn þess. Í kafla um rannsóknina var sagt frá uppbyggingu hennar, þátttakendum og greint ítarlega frá svörum við þeim spurningum sem eru í könnuninni. Að lokum voru þær niðurstöður ræddar og bornar saman við fræðin.

Lagt var af stað með tvær rannsóknarspurningar í þessari megindelegu rannsókn. Annars vegar var spurt hver væri núverandi afstaða íbúa Vesturbyggðar til bókasafna sveitarfélagsins og hins vegar hvaða þjónustubætti íbúarnir telja að leggja eigi áherslu á við framtíðarþróun bókasafnanna. Þeir sem nota bókasöfnin eru flestir nokkuð jákvæðir gagnvart þjónustunni. Þó kemur fram nokkur eða mikil óánægja 16% svarenda, sem er umhugsunarvert. Einnig kom fram að aðgengi að bókasöfnunum og opnunartími þeirra hafa letjandi áhrif á íbúana. Flestir velja hefðbundið efni bókasafna; bækur og hljóðbækur en þegar litið er til allra svarmöguleika eftir flokkum er greinilegt að áhuginn er mestur á þriðja staðs þáttum. Það kemur ekki á óvart þegar litið er til þess að það vantar samkomustaði í samfélagið þar sem fólk getur dottið inn eftir hentugleika og átt óformleg samskipti, eða formleg eftir því sem hentar. Svarhlutfall pólskra innflytjenda var mjög lágt og væri gagnlegt að vinna eigindlega rannsókn til að ná fram viðhorfum þessa hóps.

Miðað við þá þjónustu sem er í boði á bókasöfnum Vesturbyggðar í dag er ljóst að þar er eingöngu verið að uppfylla þau lágmarksskilyrði sem þarf til að standast þá lagalegu skyldu sveitarfélagsins að reka almenningsbókasafn. Bókasöfnin standa einfaldlega ekki undir þeirri þjónustu sem er tilgreind í lögum um almenningsbókasöfn, þar sem kemur fram að almenningsbókasöfn séu menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir og hlutverk þeirra sé að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Bókasöfn Vesturbyggðar hafa heldur ekki náð að halda í við bókasöfn annarra sveitarfélaga og þá þróun sem hefur átt sér stað hjá

almenningsbókasöfnum undanfarin ár. Þar er sérstaklega átt við aukna starfsemi á sviði menningar, upplýsingaþjónustu og þjónustu við innflytjendur. Líklegt má telja að svo eigi við mörg önnur lítil bókasöfn á landinu.

Það er óraunhæft að ætla að gera miklar kröfur til starfsmanns bókasafns sem er í innan við 20% starfshlutfalli. En það er raunhæft að gera kröfur til sveitarfélagsins að auka við fjárveitingar til bókasafnanna, hækka starfshlutföll og auglýsa eftir fagmenntuðum upplýsingafræðingum til starfa. Það er nokkuð líklegt að metnaðarfullur upplýsingafræðingur finni leiðir til að fjölga tekjuliðum bókasafnanna og auka heildartekjur þeirra, sem kemur til móts við aukin fjárútlát sveitarfélagsins. Fyrir utan þá staðreynd að lifandi almenningsbókasöfn, rekin af fagmennsku og metnaði eru eitt af því sem gera sveitarfélagið að betri stað fyrir alla íbúa og eftirsóknarverðari búsetukost.

Heimildir

Aabø, S., Audunson, R., Huysmans, F., Oomes, M. og Vakkari, P. (2013). Perceived outcomes of public libraries in Finland, Norway and the Netherlands. *Journal of Documentation*, 70(5), 927-944.

Aabø, S., Audunson, R. og Vårheim, A. (2010). How do public libraries function as meeting places? *Library & Information Science Research*, 32, 16-26.

ALA. (2008). *Definitions of Reference*. Sótt 12. desember 2015 af <http://www.ala.org/ala/mgrps/divs/rusa/resources/guidelines/definitionsreference.cfm>

Ari Ívarsson. (1999). Um bókasöfn á Patreksfirði. Í: Ari Ívarsson, Jóhann Ásmundsson og Ragna Steinunn Eyjólfsdóttir (ritstj.), *Árbók Barðastrandarsýslu 2003* (bls. 108-136). Barðastrandarsýsla: Sögufélag Barðastrandarsýslu – Vestfirska forlagið.

Arnar Árnason og Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2011). Menningarhús tilfinninganna. Í: Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags-og mannvísindadeild* (bls. 57-63). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ágúst Einarsson. (2014). *Hagræn áhrif ritlistar*. Borgarbyggð: Háskólinn á Bifröst.

Ágúst Einarsson. (2012). *Menningarhagfræði*. Borgarbyggð: Háskólinn á Bifröst.

Ágústa Pálsdóttir. (2012). Elderly people's information behaviour: Accepting support from relatives. *Libri: International Journal of Libraries and Information Services*, 62(2), 135-144.

Bawden, D. og Robinson, L. (2009). The dark side of information: Overload, anxiety and other paradoxes and pathologies. *Journal of Information Science*, 35(2), 180-191.

Bennet, Tony. (1998). *Culture. A Reformer's Science*. London: Sage Publications.

Borgarbókasafn (e.d.). *Hlutverk, leiðarljós og markmið*. Sótt 19. nóvember 2015 af <http://borgarbokasafn.is/node/430>

Borgarbókasafn (e.d.). *Fjölmennning*. Sótt 19. nóvember 2015 af <http://borgarbokasafn.is/is/fjolmenning>

Borgarbókasafn (e.d.). *Söguhringur kvenna*. Sótt 19. apríl 2016 af <http://borgarbokasafn.is/is/content/s%C3%B6guhringur-kvenna>

Bourdieu, Pierre. (2007). Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar. Í: Davíð Kristinsson (ritstjóri). *Almenningsálitíð er ekki til* (bls. 33-43). Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían.

Bourdieu, Pierre. (2007). Myndbreyting smekksins. Í: Davíð Kristinsson (ritstjóri). *Almenningsálitíð er ekki til* (bls. 45-59). Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían.

Bourdieu, Pierre. (1990). *The Logic of Practice*. Stanford: Stanford University Press.

Bókasafn.is. (e.d.). *Hafðu samband*. Sótt 17. mars 2016 af <http://bokasafn.is/contact-2/>

Bókasafnalög nr. 150/2012

Bryndís Sigurðardóttir og Neil Shiran K. Þórisson. (2015, maí). *Stöðugreining Vesturbyggð*. Sótt 6. febrúar 2016 af http://vesturbyggd.is/stjornsysla/utgefid_efni/skra/1457/

Cassell, Kay Ann og Hiremath, Uma. (2006). Finding the answer: basic search techniques. Í: Cassell, Kay Ann og Hiremath, Uma (ritstj.). *Reference Information Services in the 21st Century: an Introduction*. London: Facet Publishing, s. 31-50.

Davíð Kristinsson (ritstjóri). (2007). Inngangur ritstjóra. *Almenningsálitíð er ekki til* (bls. 7-32). Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían.

Dilevko, J. og Gottlieb, L. (2003). Weed to achieve: a fundamental part of the public library mission? *Library Collections, Acquisitions & Technical Services*, 27, 73-96.

Engels, F. og Marx, K. (1983). *Þýska hugmyndafræðin. 1. hluti I. bindis. Feuerbach. Andstæður efnishyggju og hughyggju* (Gestur Guðmundsson þýddi. Reykjavík: Mál og menning. (Upphaflega gefið út 1846).

Gramsci, Antonio. (1971). Hegemony, Intellectuals and the State. Í: Hoare, Q. og Smith, G. N. (ritstjórar). *Selection from Prison Notebooks* (210-216). London: Lawrence & Wishart.

Griffis, M. R. og Johnson, C. A. (2014). Social capital and inclusion in rural public libraries: A qualitative approach. *Journal of Librarianship and Information Science*, 46(2), 96–109.

Hagstofan. (e.d.). *Mannfjöldinn eftir póstnúmerum, kyni og aldri 1998-2016*. Sótt 12. janúar 2016 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px/table/tableViewLayout1/?rxid=31e6409a-1244-4839-859f-078aded5c7a1

Hagstofan. (e.d.). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2015*. Sótt 12. janúar 2016 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MA10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=31e6409a-1244-4839-859f-078aded5c7a1

Halldór V. Kristjánsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir. (2008, júlí). *Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun. Vesturbyggð*. Sótt 16. febrúar 2016 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Byggdarlog/Vesturbyggd.pdf>

Ide, E., Steinmo, S., og Vårheim, A. (2007). Do libraries matter? Public libraries and the creation of social capital. *Journal of Documentation*, 64(6), 877-892.

Ingibjörg Sverrisdóttir. (2013). Bókasafnalög 2012 – eitt bókasafnakerfi. Aðdragandi að endurskoðun laga um bókasöfn. *Bókasafnið*, 37, 15-17.

Ingibjörg Sverrisdóttir. (1997). Upphaf og þróun lestrarfélaga. Í: Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstj.). *Sál aldanna: Íslensk bókasöfn í nútíð og fortíð*. [Reykjavík]: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, s. 25-35.

International Federation of Library Associations and Institutions. (2006, janúar). Alexandria Proclamation on Information Literacy and Lifelong Learning. Í *News Archives 2006*. Sótt 18. janúar 2016 af http://portal.unesco.org/ci/en/ev.php-URL_ID=20891&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html

International Federation of Library Associations and Institutions. (2001). Guidelines for a Collection Development Policy using the Conspectus Model. Í *Acquisition and Collection Development*. Sótt 6. apríl 2016 af <http://www.ifla.org/files/assets/acquisition-collection-development/publications/gcdp-en.pdf>

International Federation of Library Associations and Institutions. (2010, júlí). The mission and purposes of the public library. Í *IFLA Public Library Service Guidelines* (1. kafli). Sótt 21. nóvember 2015 af <http://www.degruyter.com/view/product/43971>

International Federation of Library Associations and Institutions. (2011, júlí). *Multicultural Communities: Guidelines for Library Services. 3rd edition*. Sótt 15. nóvember 2015 af <http://www.ifla.org/files/assets/library-services-to-multicultural-populations/publications/multicultural-communities-en.pdf>

Ipsos MORI. (2010). *What do the public want from libraries? User and non-user research – full research report*. Sótt 12. apríl 2016 af [http://www.artscouncil.org.uk/sites/default/files/download-file/What do the public want from libraries User and non-user research full research report.pdf](http://www.artscouncil.org.uk/sites/default/files/download-file/What%20do%20the%20public%20want%20from%20libraries%20User%20and%20non-user%20research%20full%20research%20report.pdf)

Jochumsen, H., Rasmussen, C. H. og Skot-Hansen, D. (2012). The four spaces – a new model for the public library. *New Library World*, 113(11/12), 586-597.

Johnston, Jamie. (2016). The use of conversation-based programming in public libraries to support integration in increasingly multiethnic societies. *Journal of Librarianship and Information Science*, s. 1-11.

Jóhann Skaptason. (1949). Sýslubókasafn Vestur-Barðastrandarsýslu. Í: Jón Kr. Ísfeld (ritstjóri). *Árbók Barðastrandarsýslu 1949*. Ísafjörður: Barðastrandarsýsla, s. 56-59.

Landsbókasafn – Háskólabókasafn. (e.d.). *Bókasöfn*. Sótt 10. desember 2015 af <http://landsbokasafn.is/index.php/markhopatenglar/bokasofn>

Landskerfi bókasafna. (e.d.). *Aðildarsöfn*. Sótt 17. mars 2016 af <http://www.landskerfi.is/adilar/adilaskra.php?rod=DisplayName>

Landskerfi bókasafna. (e.d.). *Um Gegni*. Sótt 17. mars 2016 af <http://www.landskerfi.is/sja.php?id=48>

Lawson, Karen. (2004). Libraries in the USA as traditional and virtual „third places“. *New Library World*, 105(3/4), 125-130.

Lingel, Jessica. (2011). Information tactics of immigrants in urban environments. *Information Research*, 16(4), 6-23.

Lu, Y. (2007). The human in human information acquisition: Understanding gatekeeping and proposing new directions in scholarship. *Library & Information Science Research*, 29(1), 103-123.

Lýður Björnsson. (2010). V. Þrír áratugir á öndverðri öld. Tálknafjarðarhreppur 1915-1945. Í: Daníel Hansen (ritstjóri). *Árbók Barðastrandarsýslu 2010. XXI. árgangur*. [Barðastrandarsýsla]: Sögufélag Barðastrandarsýslu, s. 7-75.

Martin, W.J. (1995). *The global information society*. London: Aslib.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Nefndir*. Sótt 1. apríl 2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/>

Persónuvernd. (2006, ágúst). *Rannsóknir, kannanir og verkefni*. Sótt 10. nóvember 2015 af <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/rannsoknir-kannanir-og-verkefni/nr/501>

Purcell, K., Rainei, L., Zickuhr, K. (2013, 22. janúar). Library services in the digital age. Sótt 12. apríl 2016 af http://libraries.pewinternet.org/files/legacy-pdf/PIP_Library%20services_Report.pdf

Reference and User Services Association. (2008, janúar). Definitions of Reference. Í: *Professional Tools*. Sótt 18. janúar 2016 af <http://www.ala.org/rusa/resources/guidelines/definitionsreference>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Sveitarfélögin*. Sótt 2. apríl 2016 af <http://www.samband.is/sveitarfelogin/>

Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna. (e.d.) *Aðildarsöfn*. Sótt 10. desember 2015 af <http://fina.is/index.php/adildarsofn>

Sbaffi, L. og Rowley, J. (2015). Public libraries and non-users: A comparison between Manchester and Rome. *Journal of Librarianship and Information Science*, 47(2), 104-116.

Signý Pálsdóttir (ritstjóri). (2015). Fjölbreytt menning. Friðsæl borg. Í: *Starfsáætlun Menningar-og ferðamálasviðs 2015*. Sótt af http://www.borgarbokasafn.is/sites/default/files/Skjol/starfsaaetlun_2015_-netutgafa.pdf

Sigrún Klara Hannesdóttir. (1995). Samvisskuspurningar með siðfræðilegu ívafi. *Bókasafnið*, 19, 52-58.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í: Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229-237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Skot-Hansen, D., Rasmussen, C. H. og Jochumsen, H. (2013). The role of public libraries in culture-led urban regeneration. *New Library World*, 114(1/2), 7-19.

Stefanía Júlíusdóttir. (2013). Reading Societies in Iceland. Their foundation, Role, and the Destiny of Their Book Collections. Í: Dyrbye, M., Mäkinen, I., Navickiené, A., Reimo, T. og Torstensson, M. (ritstj.), *Good book, good library, good reading* (bls. 125-165). Tampere: Tampere University Press and Authors.

Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Taylor, R.S. (1968). Question-negotiation and information seeking in libraries. *College & Research Libraries*, 29(3), 178-194.

The Reading Agency. (2015). *Literature Review: The impact of reading for pleasure and empowerment*. London: 2015.

Throsby, David. (2004). *Economics and Culture*. Cambridge: Cambridge University Press.

UNESCO. (e.d.). Public Library Manifesto. Í: *Archives and Libraries*. Sótt 10. apríl 2016 af <http://www.unesco.org/webworld/libraries/manifestos/libraman.html>

Upplýsing. (2007). *Siðareglur*. Sótt 12. desember 2015 af <http://www.upplysing.is/default.asp?Page=272>

Upplýsing. (2015, október). *Upplýsing og Símenntun Háskólans á Bifröst í samstarf um símenntun félagsmanna*. Sótt 22. nóvember 2015 af http://upplýsing.is/v.asp?page=44&Article_ID=303

Vesturbyggð. (e.d.). *Bókasöfn*. Sótt 17. mars 2016 af <http://www.vesturbyggd.is/thjonusta/bokasofn/>

Vesturbyggð. (e.d.). *Um Vesturbyggð*. Sótt 12. nóvember 2015 af http://www.vesturbyggd.is/um_vesturbyggd/

Vinnumálastofnun. (e.d.). *Sveitarfélög nánari greining. Vesturbyggð yfirlit*. Sótt 4. apríl 2016 af <https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefid-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum/sveitarfelog-nanari-greining>

Viðauki

Kæri viðtakandi

Meðfylgjandi er spurningakönnun sem þú ert beðin/n að svara og senda til baka, merkt umslag sem má setja ófrímerkt í póst fylgir. Könnunin er send öllum íbúum 18 ára og eldri með skráð lögheimili í Vesturbyggð, á íslensku, ensku og pólsku. Tilgangur könnunarinnar er ekki að safna persónulegum upplýsingum einstaklinga og er órekjanleg.

Könnunin er samstarfsverkefni Vesturbyggðar og Öldu Davíðsdóttur, meistaranema í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar af sveitarfélaginu til að leggja grunn að bættri bókasafna- og upplýsingaþjónustu fyrir íbúa Vesturbyggðar og niðurstöðurnar verða einnig grunnur að lokaverkefni Öldu.

Í dag rekur sveitarfélagið tvö bókasöfn, annað á Bíldudal og hitt á Patreksfirði, en þau bera skyldu samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn til að þjónusta alla íbúa Vesturbyggðar, burtséð frá búsetu innan sveitarfélagsins. Mikilvægt er að sem flestir gefi sér tíma til að svara könnuninni og geti þar með haft tækifæri til að hafa áhrif á þjónustu bókasafnanna.

1. Ert þú kona eða karl?

Kona

Karl

2. Hvaða ár ert þú fædd/ur?

Svar: _____

3. Hvaða póstnúmer á við lögheimilið þitt?

450

451

465

4. Hver er fjöldi barna á heimilinu undir 18 ára aldri?

Svar: _____

5. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

- Í fullu starfi
- Í hlutastarfi
- Í atvinnuleit
- Í námi
- Ekki á vinnumarkaði

6. Merktu við það námsstig sem þú hefur síðast lokið.

- Skyldunámi, grunnskóla-, gagnfræða-, eða landsprófi.
- Starfsnámi, s.s. sjúkraliða-, póst-, ritara-, fiskvinnslu-, hússtjórnarnámi eða öðru starfsnámi.
- Verklegu framhaldsnámi/iðnmenntun, s.s. sveins-, meistara-, vélstjóra-, stýrimannaprófi eða tækniteiknun.
- Bóklegu framhaldsnámi, s.s. verslunarprófi, samvinnuskólaprófi eða stúdentsprófi (ekki á háskólastigi).
- Grunn háskólaprófi (BA, BEd, BS).
- Framhaldsnámi á háskólastigi (MA, MS, PhD).

7. Stundar þú nám núna? Ef svo er merktu einnig við staðar- eða fjarnám.

- Nei.
- Já, í framhalds- eða menntaskóla
- Já, iðnnám
- Já, Ba/Bs nám
- Já, framhaldsnám í háskóla

- Staðarnám
- Fjarnám

8. Hversu margir á heimilinu eiga bókasafnskort?

Svar: _____

9. Hversu oft að meðaltali á ári notar þú þjónustu bókasafna Vesturbyggðar?

Svar: _____

→ Ef þú notar bókasöfnin skaltu næst svara spurningu 11

10. Ef þú notar ekki þjónustu bókasafnanna hvaða ástæður koma í veg fyrir það?

Hér má merkja við fleira en eitt svar.

- Aðgengi að bókasöfnunum
- Opnunartími bókasafnanna
- Framboð á efni og þjónustu bókasafnanna höfðar ekki til mín
- Ég hef ekki áhuga á þjónustu bókasafna
- Bókasöfnin eiga ekki efni á tungumáli sem ég skil
- Annað

→ Svaraðu næst spurningu 13

11. Hvaða þjónustupætti bókasafnanna nýtirðu helst?

Hér má merkja við fleira en eitt svar.

- Lán á bókum
- Lán á hljóðbókum
- Lán á tímaritum
- Millisafnalán
- Aðstoð við heimildaleit

12. Hversu ánægð/ur ertu með þjónustu bókasafnanna í Vesturbyggð?

- Mjög ánægð/ur
- Nokkuð ánægð/ur
- Hvorki né
- Nokkuð óánægð/ur
- Mjög óánægður

13. Hverja eftirtalinna þjónustubátta myndir þú nýta þér ef þeir væru í boði hjá bókasöfnum Vesturbyggðar?

Hér má merkja við fleira en eitt svar.

Framboð efnis

- Bækur á íslensku
- Bækur á fleiri tungumálum en íslensku
- Tímarit á íslensku
- Tímarit á fleiri tungumálum en íslensku
- Hljóðbækur á íslensku
- Hljóðbækur á fleiri tungumálum en íslensku
- Rafbækur á íslensku
- Rafbækur á fleiri tungumálum en íslensku
- DVD myndir

Upplýsingaþjónusta við nema og aðra sem leita heimilda og vinna með heimildir

- Aðstoð við heimildaleit
- Ráðgjöf við frágang heimildalista
- Aðstoð við notkun heimildaforrita (s.s End-Note)

Skipulagt starf fyrir mismunandi hópa

- Dagskrá fyrir leikskólabörn (s.s. sögustundir)
- Dagskrá fyrir grunnskólabörn miðuð að aldri (s.s. aðstoð við heimanám, gerð bókahlaðvarps, tölvuleikjaviðburðir, spilakvöld, myndasögugerð)
- Dagskrá fyrir fjölskyldur (s.s. mömmu- og/eða pabbamorgnar)
- Þjónusta við eldri borgara (s.s. heimsending efnis af bókasafni og aðstoð við millisafnalán)
- Þjónusta við innflytjendur (s.s. aðstoð við að panta efni á öðrum tungumálum en íslensku, að lesa dagblöð og tímarit með íslenskumælandi fólki)
- Menningarviðburðir af ýmsu tagi (s.s. upplestur höfunda, fræðsluerindi)

Aðstaða og þjónusta

- Til að vinna og/eða læra í almenningsrými
- Til að vinna og /eða læra í lokuðu rými
- Til að skoða tímarit og annað efni á staðnum
- Til að hitta annað fólk óformlega
- Námsver sem fjarnemar hafa aðgang að óháð opnunartíma bókasafns
- Fyrir klúbba til að koma saman (s.s. bóka, skák, spila, handverks)
- Aðgengi að þjónustu bókasafna Vesturbyggðar burtséð frá búsetu íbúa innan sveitarfélagsins (s.s. heimsending efnis af bókasafni og aðstoð við millisafnalán)
- Rafrænt aðgengi að bókasafninu (s.s. á samfélagsmiðlum, vefsíða)
- Opnunartími um helgar